

**Frumvarp til laga**

**um breyting á höfundalögum nr. 73/1972, með áorðnum breytingum  
(endurskoðun höfundalaga – einkaréttindi höfunda og sammingskvaðir).**

(Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.)

---

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Með þeim takmörkunum sem í lögum þessum greinir hefur höfundur einkarétt til að gera eintök af verki sínu og til að gera það aðgengilegt almenningi í upphaflegri eða breyttri mynd, í þýðingu eða annarri aðlögun, í annarri tegund bókmennta eða lista eða með annarri tækni.

Eintakagerð telst sérhver bein eða óbein, tímabundin eða varanleg gerð eintaks af verki, í heild eða af hluta þess, með hvaða aðferðum sem er og í hvaða formi sem er. Það telst meðal annars eintakagerð ef verk er flutt yfir á miðil, sem nota má til endurmiðlunar.

Verk telst gert aðgengilegt almenningi, þegar

1. eintök af því eru boðin til sölu, leigu eða láns eða er dreift til almennings með öðrum hætti,

2. eintök af því eru sýnd opinberlega eða

3. verkið er flutt opinberlega.

Það telst vera opinber flutningur í skilningi 3. tölul. 3. mgr. þegar:

1. verki er miðlað til almennings um þráð eða þráðlaust, þ.á m. þegar það er sent út í útvarpi eða gert aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn getur fengið aðgang að verkinu á þeim stað, á þeirri stundu og með þeim búnaði er hann sjálfur kýs,

2. verk er flutt á atvinnustöðvum fyrir stóran hóp manna, sem endranær er talinn vera lokaður hópur eða

3. útvarpsflutningur á tónlist eða bókmenntaverki er gerður aðgengilegur almenningi á þann hátt að honum er endurvarpað með hátalara eða á annan sambærilegan hátt í rými sem er opið almenningi.

Flutningur verks í útvarpi nær bæði til hljóðvarps og sjónvarps nema annars sé getið.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Verk telst birt þegar það hefur verið gert aðgengilegt almenningi með lögmætum hætti.

Verk telst gefið út, þegar eintök af því hafa með rétttri heimild verið boðin opinberlega til sölu, láns eða leigu eða þeim dreift til almennings með öðrum hætti.

3. gr.

3. og 4. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

4. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Nú er verk er lög þessi taka til eða hlutar þess skráð sem hönnun samkvæmt lögum nr. 46/2001 og útilokar það ekki samhliða höfundavernd.

5. gr.

Við kaflaheiti II. kafla laganna bætast orðin: og umsýsla höfundaréttar á grundvelli sammingskvaða.

6. gr.

Á eftir 12. gr. a. í lögnum kemur ný grein, 12. gr. b., svohljóðandi:

Söfn sem falla undir 1. mgr. 12. gr. hafa heimild til að gera eintök af birtum verkum í safni sínu og gera þau aðgengileg almenningi að fullnægðum skilyrðum um sammingskvaðaleyfi í 26. gr. a.

7. gr.

3. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að endurbirta listaverk í almennu fræðsluefni, í sambandi við gagnrýni og við vísindalega umfjöllun, þótt í fjárhagslegum tilgangi sé, enda sé fullnægt skilyrðum um sammingskvaðaleyfi samkvæmt 26. gr. a. Þetta gildir þó ekki, ef höfundur hefur bannað sammingsaðila slíka notkun verks.

8. gr.

15. gr. a. í lögnum fellur brott.

9. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er opinberum eða einkareknum stofnunum, samtökum og atvinnufyrirtækjum að gera eða láta gera til notkunar innan starfsemi sinnar eintök af útgefnum verkum, sem og með upptöku að gera eintök af verkum, sem send eru út í hljóðvarpi eða sjónvarpi eða gerð aðgengileg í dreifikerfi fjölmiðlaveitu með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kýs, enda sé fullnægt skilyrðum um sammingskvaðaleyfi samkvæmt 26. gr. a. Þetta gildir þó ekki ef höfundur hefur bannað sammingsaðila slíka notkun verks.

Ákvæði 1. mgr. gildir hvorki um kvikmyndaverk, sem gerð eru til sýninga í kvikmyndahúsum þó þau hafi verið send út í sjónvarpi, nema því aðeins að um sé að ræða stutt brot úr verkinu, né um forrit á stafrænu formi.

Eintök sem gerð eru með heimild í 1. mgr. má einungis nota til eigin starfsemi innan þeirrar stofnunar, samtaka eða fyrirtækis, sem samningur af því tagi, sem gert er ráð fyrir í 26. gr. a. tekur til.

10. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 4. mgr., svohljóðandi:

Heimilt er stofnunum á vegum ríkis og sveitarfélaga og öðrum stofnunum, sem starfa í almannabágu og ekki í fjárhagslegum tilgangi, að gera með mynd- eða hljóðupptöku eintök af verkum, sem hljóðvarpað er eða sjónvarpað eða gerð aðgengileg í dreifikerfi fjölmiðlaveitu með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kýs, til nota fyrir blinda, sjónskerta og heyrnarlausa, enda sé fullnægt skilyrðum um sammingskvaðaleyfi eftir 26. gr. a. Þess háttar upptökur má aðeins nota innan stofnunar, sem samningur tekur til, sbr. 26. gr. a.

11. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Útvarpsstöðvum er heimilt að senda út útgefin verk enda sé fullnægt skilyrðum um samningskvaðaleyfi samkvæmt 26. gr. a. Hið sama á við um opinberan flutning annarra aðila á útgefnum verkum, enda feli slíkur flutningur ekki í sér miðlun efnis í skilningi 1. tölul. 4. mgr. 2. gr. laganna. Þetta á þó ekki við um leiksviðsverk, kvikmyndir eða verk sem höfundur hefur lagt bann við að séu flutt í útvarpi eða annars staðar.

Ákvæði 1. mgr. tekur ekki til sendinga útvarpsstöðva í gegnum gervihnött nema sendingin fari samtímis fram í gegnum sendi á jörðu niðri.

Þegar útvarpsstofnun er heimilt að útvarpa verki er henni frjálst upptaka þeirra á hljóðrit eða myndrit til eigin nota í sinni innri starfsemi. Nánari reglur um upptöku verka, varðveislu þeirra og not útvarpsstofnanna má setja í reglugerð.

#### 12. gr.

23. gr. a. í lögnum orðast svo:

Verki, sem er löglega útvarpað beint eða um gervihnött, má endurvarpa til almennings um kapalkerfi óbreyttu og samtímis hinnu upphaflegu útsendingu, enda sé fullnægt skilyrðum um samningskvaðaleyfi samkvæmt 26. gr. a.

#### 13. gr.

Á eftir 23. gr. a. í lögnum kemur ný grein, 23. gr. b., svohljóðandi:

Útvarpsstöðvum er heimilt, ef fullnægt er skilyrðum um samningskvaðaleyfi samkvæmt 26. gr. a., að nota verk úr safni sínu til endurútsendingar og gera þau aðgengileg með þeim hætti, að hver og einn geti fengið aðgang að verkunum á þeim stað og á þeirri stundu, sem hann sjálfur kýs, sem og til þess að gera eintök af verkunum, sem nauðsynleg eru í því skyni að senda þau út eða gera þau aðgengileg. Ákvæði þessarar greinar gildir einungis um verk, sem send hafa verið út fyrir 1. júlí 2015 og teljast til eigin framleiðslu viðkomandi útvarpsstöðvar.

Höfundur getur bannað útvarpsstöð að hagnýta verk sitt með þeim hætti sem heimilað er í 1. mgr.

#### 14. gr.

2. mgr. 25. gr. í lögnum fellur brott að undanskildum 1. másl. ákvæðisins.

#### 15. gr.

Á eftir 26. gr. í lögnum koma þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (26. gr. a.)

Nú hafa samtök réttshafa, sbr. 4. mgr., gert samning við notanda um þar tilgreinda hagnýtingu verka, á grundvelli heimilda í 12. gr. b., 3. mgr. 14. gr., 1. mgr. 18. gr., 4. mgr. 19. gr., 1. mgr. 23. gr., 1. mgr. 23. gr. a. og 1. mgr. 23. gr. b. og fær þá sá notandi rétt til þess að hagnýta önnur verk sömu tegundar, þó að samtökin komi ekki fram fyrir höfunda þeirra verka, á sama hátt og með sömu skilmálum og felast í samningnum við samtökin og hinum tilvitnuðu ákvæðum. Réttur notanda skv. ofangreindu nefnist samningskvaðaleyfi.

Samningskvaðaleyfi geta notendur einnig fengið sem samið hafa um slíkt við samtök réttshafa, sbr. 4. mgr., að því tilskyldu að:

1. samningurinn um slíkt samningskvaðaleyfi taki til afmarkaðs og vel skilgreinds sviðs.

2. samningskvaðaleyfi sé forsenda þess að nýting sé möguleg.

3. samningurinn sé skriflegur og í honum tekið fram að hann veiti samningskvaðaleyfi.

Ákvæði 2. mgr. gildir þó ekki um verk, ef höfundur þess hefur bannað samningsaðila slíka notkun.

Samtök rétthafa, sem stofna til samninga er veita samningskvaðheimild, sem í 1. og 2. mgr. greinir, skulu hafa viðurkenningu ráðherra. Er viðurkenning háð því að samtök séu í forsvari fyrir verulegan hluta höfundu tiltekinnar verka sem notuð eru hér á landi. Ráðherra getur ákveðið, að samtök, sem viðurkenningu hljóta á nánar tilteknum sviðum, skuli vera sameiginleg samtök tveggja eða fleiri félagssamtaka, sem uppfylla skilyrði 1. og 2. mgr. Ráðherra setur nánari reglur um málsmeðferð vegna viðurkenningar, þ.m.t. endurskoðun viðurkenningar, þeirra samtaka sem nefnd eru í 1. og 2. mgr. auk samtaka sem 2. mgr. 47. gr. laganna tekur til.

b. (26. gr. b.)

Þóknun fyrir not er fara fram á grundvelli samnings um samningskvaðaleyfi samkvæmt 26. gr a. skal ákvörðuð með sama hætti gagnvart öllum þeim höfundum sem samningskvaðaleyfið tekur til hvort sem þeir eru innan eða utan þeirra rétthafasamtaka sem eru aðilar að samningnum.

Þeir höfundar, sem rétthafasamtök koma ekki fram fyrir, geta gert kröfu til þess að fá einstaklingsbundna þóknun fyrir not á grundvelli samningskvaðaleyfisins, þó slíkur réttur komi hvorki fram í samningi samtakanna um samningskvaðaleyfi við notanda né í reglum samtakanna um þóknun. Ákveða má upphæð einstaklingsbundinnar þóknunar samkvæmt ákvæðum 57. gr. Kröfu um slíka þóknun verður einungis beint að samtökunum og skal vera skrifleg.

Rétthafasamtök sem eru aðilar að samningi er veitir samningskvaðaleyfi samkvæmt 26. gr. a skulu birta upplýsingar á viðeigandi hátt um að slíkur samningur hafi verið gerður ásamt upplýsingum sem nauðsynlegar eru til þess að rétthafar sem ekki eru í samtökunum geti gert kröfur um þóknun.

Kröfur um þóknun, sem samtök, er viðurkenningu hafa hlotið samkvæmt 4. mgr. 26. gr. a, kunna að gera á hendur notendum vegna hagnýtingar verka samkvæmt 23. gr. a., skulu allar gerðar á sama tíma og vera skriflegar.

Kröfur um þóknun fyrir hagnýtingu verka samkvæmt samningskvaðaleyfi fyrnast á fjórum árum frá því að hagnýtingin átti sér stað. Skrifleg krafa, sbr. 2. og 4. mgr., rýfur fyrningarfrestinn.

c. (26. gr. c.)

Nú nást ekki samningar sem samningskvaðaleyfi skv. 1. mgr. 26. gr. a. verður byggt á og getur þá aðili að samningsumleitunum farið fram á sáttameðferð.

Krafa um sáttameðferð skal send ráðherra. Slíka kröfu má bera fram, þegar einn af aðilunum hefur slitið samningsumleitunum eða hafnað ósk um samningsumleitun eða þegar ekki verður séð, að samningsumleitunir muni leiða til lausnar.

Sérstakur sáttasemjari, tilnefndur af ráðherra skal annast sáttameðferð. Hann skal vera óháður samningsaðilum og ekki hafa persónulegan ávinning af niðurstöðunni. Við sáttumleitunir skal stuðst við þær tillögur til lausnar, sem aðilarnir kunna að hafa lagt fram. Sáttasemjari getur lagt til við aðilana, að gert verði út um deilumál með gerðardómi og getur aðstoðað þá við val á gerðarmönnum.

Sáttasemjari getur borið fram tillögu um lausn deilumáls og getur krafist þess, að tillagan verði innan nánar tiltekins frests borin undir ákvörðunarbærar stofnanir samningsaðila til samþykktar eða synjunar. Ef deilan varðar endurvarp um kapalkerfi skv. 23. gr. a. verður litið svo á að tillagan sé samþykkt ef enginn mótmælir henni innan þriggja mánaða. Sáttasemjari tilkynnir ráðherra um niðurstöðu sáttameðferðar.

Sáttasemjari getur ákveðið, að eldri samningar skuli gilda áfram, þó að samningstímabili sé lokið eða því muni ljúka meðan á sáttameðferð stendur. Ekki er þó heimilt að framlengja gildistíma eldra samnings lengur en í tvær vikur eftir að aðilarnir

hafa tekið afstöðu til sáttatillögu samkvæmt 4. mgr. eða tillögu um gerð eða eftir að sáttasemjari hefur tilkynnt, að þýðingarlaust sé að bera fram þess háttar tillögur.

16. gr.

3. mgr. 45. gr. laganna orðast svo:

Um upptöku, eftirgerð og dreifingu listflutnings, sem um getur í 1. mgr., skulu eftir því sem við á gilda ákvæði 2. – 5. mgr. 2. gr., 4. gr., 7. gr., 8. gr., 10. gr. a, 1. mgr. og 3. tölul. 2. mgr. 11. gr., 12. gr., 12. gr. a., 12. gr. b., 1. og 3. mgr. 14. gr., 3. og 4. mgr. 15. gr., 17. gr., 18. gr., 1., 2. og 4. mgr. 19. gr., 21. gr., 22. gr., 22. gr. a, 23. gr., 23. gr. a., 23. gr. b., 24. gr., 26.–31. gr., 3. mgr. 41. gr., 53. gr. og 57. gr.

17. gr.

45. gr. a. í lögnum fellur brott.

18. gr.

2. mgr. 46. gr. laganna orðast svo:

Eftir því sem við á, skal beita ákvæðum 2. – 5. mgr. 2. gr., 7. gr., 8. gr., 10. gr. a., 1. mgr. og 3. tölul. 2. mgr. 11. gr., 12. gr., 12. gr. a, 12. gr. b., 1. og 3. mgr. 14. gr., 3. og 4. mgr. 15. gr., 17. gr., 18. gr., 1., 2. og 4. mgr. 19. gr., 21. gr., 22. gr., 22. gr. a., 23. gr. b., 24. gr., 3. mgr. 26. gr., 26. gr. a., b., og c. og 57. gr.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr.

a. Í stað orðanna „innheimtusamtökum framleiðenda og listflytjendafélaga“ í 1. másl. 2. mgr. koma orðin: samtökum framleiðenda og listflytjenda.

b. 3. og 4. mgr. 47. gr. laganna orðast svo:

Þegar framleiðandi hljóðrits eða listflytjandi á rétt til þóknunar samkvæmt 1. másl. 1. mgr. skal hún fara eftir heildarsamningi milli samtaka skv. 2. mgr. og notanda eða samtökum hans. Þeim samtökum skal heimilt að setja gjaldskrár um flutning af hljóðritum utan útvarps, enda feli slíkur flutningur ekki í sér miðlun efnis í skilningi 1. tölul. 4. mgr. 2. gr laganna. Ágreiningi um þóknun geta aðilar skotið til úrskurðarnefndar skv. 57. gr. Nefndin getur gert notanda að setja viðhlítandi tryggingu fyrir greiðslu þóknunar þar til hún hefur verið ákveðin, en ella mælt fyrir um stöðvun á notkun verndaðra hljóðrita uns trygging hefur verið sett.

Ákvæði þessi gilda ekki um myndrit.

20. gr.

3. mgr. 48. gr. laganna orðast svo:

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 2.–4. mgr. 2. gr., 7. gr., 10. gr. a, 1. mgr. og 3. tölul. 2. mgr. 11. gr., 12. gr., 12. gr. a, 12. gr. b., 1. og 3. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 1., 2. og 4. mgr. 19. gr., 21. gr. 22. gr., 22. gr. a., 24. gr. og 3. mgr. 26. gr.

21. gr.

53. gr. a. í lögnum fellur brott.

22. gr.

57. gr. laganna orðast svo:

Takist ekki samningur um fjárhæð þóknunar skv. 12. gr. b., 3. mgr. 14. gr., 16., 17., 18. gr., 4. mgr. 19. gr., 20., 21. gr., 1. mgr. 23. gr., 23. gr. a. og b., 26. gr. b. og 47. gr., eða önnur ágreiningsefni vegna samningskvaðaheimilda, getur hvor aðili um sig lagt

ágreiningsefnið undir úrskurð þriggja manna nefndar sem ráðherra skipar úr hópi fimm manna sem höfundaréttarnefnd skv. 58. gr. tilnefnir.

Úrskurður nefndarinnar er stjórnarfarsleg fullnaðarúrlausn um ágreiningsefnið. Ráðherra er heimilt að setja reglur um starfshætti nefndarinnar sem og greiðslu málskostnaðar.

#### 23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. a. í lögnum:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þau samtök, sem hlotið hafa viðurkenningu ráðuneytisins skv. 4. mgr. 26. gr. a. vegna ákvæða 23. gr. og 23. gr. a., geta fengið lagt lögbann við byrjuðum eða yfirvofandi flutningi eða öðrum notum allra þeirra verka, sem viðurkenningin nær til og verndar njóta samkvæmt lögum þessum, án þess að hafa fengið umboð til þess frá höfundum eða öðrum rétt höfum verkanna, enda sé fullnægt öðrum skilyrðum lögbanns samkvæmt lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

b. Aftan við 2. mgr. bætist nýr málsl., 3. málsl., svohljóðandi:

Þegar sett er fram krafa um lögbann samkvæmt þessari heimild skal þjónustuþega tryggð sambærileg réttarstaða og gerðarþola til hagsmunagæslu við fyrirtöku lögbannsgerðar eftir því sem við verður komið, auk tilkynningar um lögbannsgerð að henni lokinni, skv. 14. og 18. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl. nr. 31/1990.

#### 24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2015.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### I. Inngangur

Frumvarp þetta er samið á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins í samráði við höfundaréttarnefnd. Höfundaréttarnefnd er mennta- og menningarmálaráðherra til ráðuneytis um höfundaréttarmál skv. 58. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

Nefndina skipa sjö sérfróðir aðilar á sviði höfundaréttar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn auk tveggja varamanna. Í núverandi stjórn sitja Rán Tryggvadóttir, formaður nefndarinnar, Guðrún Björk Bjarnadóttir hrl., Erla S. Árnadóttir hrl., Gunnar Guðmundsson hdl., Knútur Bruun hrl., Sigríður Rut Júlíusdóttir hrl. og Tómas Þorvaldsson hrl. Varamenn eru Hjördís Halldórsdóttir hrl. og Margrét Sigurðardóttir lögfræðingur.

Frumvarpið er afrakstur annars og þriðja áfanga heildarendurskoðunar höfundalaga, sem hófst 29. október 2009. Fyrsta áfanga lauk með undirbúningi frumvarps sem varð að lögum nr. 93/2010. Leiðarljós fyrir endurskoðun höfundalaga hafa verið skilgreind í eftirfarandi áherslupunkta:

1. Höfundalög þurfa að vera skýr og auðskiljanleg.
2. Áhersla er lögð á að haldið sé lagasamræmi við önnur norræn höfundalög.
3. Efla þarf virðingu fyrir höfundarétti m.t.t. menningarlegrar og efnahagslegrar þýðingar hans fyrir samfélagið.
4. Réttarræði fyrir rétthafa þurfa að vera skilvirk og hafa forvarnargildi.
5. Stuðla ber að því að notendur taki löglegra kosti fram yfir ólöglega eintakagerð.
6. Höfundalög ættu að stuðla að jafnvægi á milli rétthafa og notenda.
7. Leggja ber áherslu á leiðbeiningar og fræðsla um höfundarétt fyrir rétthafa sem og notendur.
8. Áhersla er lögð á mikilvægi alþjóðlegs samstarfs á sviði höfundaréttar.

## II. Tilefni og nauðsyn lagasetningar

Tilgangur með þessu frumvarpi er tvenns konar. Annars vegar að samræma I. kafla höfundalaga, sem fjallar um réttindi höfunda og fleira, við þróun höfundalaga í öðrum norrænum ríkjum, einkum með tilliti til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (hér eftir kölluð tilskipun um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu eða tilskipunin (e. “InfoSoc” Directive).

Hins vegar að endurskoðun laganna feli í sér breytt fyrirkomulag á samningskvaðaleyfum eins og nánar er gert grein fyrir í næsta kafla.

## III. Meginefni frumvarpsins

Eins og fram hefur komið lýtur meginefni frumvarpsins aðallega að tvennu. Að samræma I. kafla gildandi höfundalaga betur efni tilskipunarinnar og að endurskoða ákvæði um samningskvaðaleyfi í höfundalögum.

Tilskipun um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu hefur þegar verið innleidd að efni til með því frumvarpi sem varð að lögum nr. 9/2006. Í því innleiðingarferli var ákveðið að hrófla ekki við hugtakanotkun í I. kafla laganna heldur láta slíkt bíða heildarendurskoðunar höfundalaga. Í fyrsta kafla laganna er kveðið á um grundvallarinntak höfundaréttar, þ.e. einkarétt höfunda til að gera og birta eintök af verkum sínum. Tilgangur tilskipunarinnar var að aðlaga þann einkarétt að upplýsingasamfélaginu sem byggir á stafrænni tækni. Einkaréttur höfunda fjárhagslegri nýtingu verka sinna á að vera óháður tækniþróun. Hugtök höfundaréttar um eintakagerð og birtingu verka eins og þau eru skilgreind í núgildandi lögum ná til nýtingu verka á stafrænum vettvangi. Hins vegar er talið nauðsynlegt og til skýringarauka að uppfæra orðalag og hugtakaskilgreiningar í I. kafla til að betra samræmis gæti við tilskipunina eins og gert hefur verið í öðrum norrænum ríkjum. Því er lagt til breytt orðalag á hugtakinu eintakagerð og jafnframt lagt til að notað verði orðasambandið að gera verk aðgengileg í stað hugtaksins birting, sbr. 1. gr. frumvarpsins. 2. gr. frumvarpsins varðar skilgreiningar á birtingu og útgáfu verka. 3. gr. frumvarpsins leggur til endurskipulagningar á ákvæðum um vernd gagnagrunna og 4. gr. frumvarpsins varðar breytta hugtakanotkun vegna samspils hönnunarverndar og höfundaverndar. Breytingar sem lagðar eru til í 1.- 4. gr. frumvarpsins fela ekki í sér breyttan efnisrétt.

Um árábil hefur verið að finna í norrænum höfundalögum ákvæði um samningskvaðaleyfi (d. avtalelicens, s. aftalslicens, n. avtalelisens, e. extended collective licenses). Með samningskvöð er átt við það að ákveðið er með lögum að notendum verka sem varin eru af höfundarétti, sem gert hafa samning við höfundaréttarsamtök um notkun á verkum aðildarfélaga/félagsmanna þeirra (t.d. með ljósritun), skuli einnig vera heimilt að nýta verk höfunda sem standa utan samtakanna enda séu verkin sömu tegundar og samningurinn tekur til og notkunin að öðru leyti háð ákvæðum samningsins. Þetta fyrirkomulag auðveldar notkun verka, til hagsbóta fyrir rétthafa og notendur, í þeim tilvikum sem um mikla notkun fjölda verka er að ræða. Sem dæmi um slíkt má nefna ljósritun fyrir kennslu eða flutning tónlistar í útvarpi þegar erfitt eða ómögulegt er fyrir notendur að fá leyfi hvers og eins rétthafa fyrir viðkomandi notum. Með því að samningur með samningskvaðaáhrifum bindur rétthafa sem standa utan rétthafasamtaka þá er réttarvissa tryggð fyrir notanda. Þá er nauðsynlegt að hafa jafnframt ákvæði sem tryggja hagsmuni ófélagsbundinna rétthafa.

Ákvæði í löggjöf annarra Norðurlanda um samningskvaðir byggjast á að hagsmunir þeirra höfunda sem standa utan rétthafasamtaka séu tryggðir með tilteknum hætti. Í fyrsta lagi með því að samningur skuli vera fyrir hendi á milli notanda og

rétthafasamtaka, sem séu í forsvari fyrir verulegan hluta höfunda tiltekinna tegunda af verkum. Talið er að slík rétthafasamtök séu í betri aðstöðu til að semja um endurgjald en einstakir rétthafar og því sé fyrirkomulagið til hagsbóta fyrir alla rétthafa, hvort sem þeir standa innan og utan samtaka. Í öðru lagi með því að tryggja að rétthafar sem standa utan samtaka hafi sama rétt til endurgjalds og félagsbundnir rétthafar. Í þriðja lagi með því að tryggja rétt rétthafa sem standa utan samtaka til að krefjast einstaklingsbundinnar greiðslu þó svo að ekki sé kveðið á um slíkt í samningnum og að lokum með því að rétthafar sem standa utan samtaka hafi rétt til að banna notkun verka sinna á grundvelli samningskvaðar. Hvað síðastgreint atriði varðar er rétt að nefna að ekki er algilt að slíkur réttur sé til staðar í ákvæðum um samningskvaðir í löggjöf annarra Norðurlanda.

Ákvæði um samningskvaðir voru fyrst sett í norræn höfundalög í kringum 1960 en þó ekki í íslensk höfundalög. Á Íslandi var fyrst lögfest ákvæði um samningskvaðir með lögum nr. 57/1992 sem vörðuðu útsendingar í útvarpi, sbr. 1. og 2. mgr. 23. gr. höfundalaga og ákveðin not myndlistarverka í sjónvarpi, sbr. 2. másl. 2. mgr. 25. gr. sömu laga. Í gildandi höfundalögum er að finna fimm ákvæði sem fela í sér samningskvöð. Þau varða:

1. Heimild til ljósritunar, sbr. 15. gr. a. sem getur einnig tekið til stafrænnar eintakagerðar, sbr. 4. mgr. 15. gr. a.
2. Heimild útvarpsstöðva til flutnings á smærri verkum á sviðum bókmennta og lista, sbr. 23. gr.
3. Heimild til að endurvarpa verki um kapalckerfi, óbreyttu og samtímis útvarps- eða gervihnattasendingu þess, sbr. 23. gr. a.
4. Sýning myndlistarverka í sjónvarpi, sbr. 2. másl. 2. mgr. 25. gr.
5. Heimild til að endurvarpa listflutningi um kapalckerfi, samtímis óbreyttum útvarps- eða gervihnattasendingu hans, sbr. 45. gr. a.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfest verði fjögur ný samningskvaðaákvæði. Þá er lagt til, að tekið verði upp hugtakið samningskvaðaleyfi um þá heimild sem notendur fá til nota á verkum á grundvelli samningskvaðar en slíkt leyfi yrði þá talið vera fyrir hendi á grundvelli samningsins sem lýst er að framan.

Nýju samningskvaðirnar sem lagt er til að lögfestar verði eru eftirfarandi:

1. Í fyrsta lagi að söfn, sem talin eru upp í 1. mgr. 12. gr. laganna, geti samið um leyfi til eintakagerðar umfram heimildir í gildandi 12. gr. og til að gera slík eintök aðgengileg, sbr. 6. gr. frumvarpsins.
2. Í öðru lagi að stofnanir geti samið um leyfi til að gera eintök af upptökum útsendinga hljóðvarps og sjónvarps til nota fyrir blinda, sjónskerta og heyrnarlausá, sbr. 10. gr. frumvarpsins.
3. Í þriðja lagi að útvarpsstöðvar geti samið um leyfi til endurnýtingar á verkum úr safni sínu, sbr. 13. gr. frumvarpsins.
4. Í fjórða lagi almenn heimild til samninga um leyfi til nota á verkum í afmörkuðum, vel skilgreindum tilvikum, sbr. 2. mgr. a-liðar 15. gr. frumvarpsins.

Þá er lögð til breyting á uppsetningu og orðalagi gildandi samningskvaðaákvæða og í sumum tilvikum útvíkkun á gildissviði þeirra.

Verði frumvarpið að lögum verður unnt að gera samninga sem fela í sér samningskvaðaleyfi í eftirfarandi tilvikum:

1. Vegna eintakagerðar safna umfram heimildir í 12. gr. laganna, sbr. 6. gr. frumvarpsins sem er nýmæli eins og að ofan greinir. Í ákvæðinu felst jafnframt heimild fyrir söfn til að gera slík eintök aðgengileg með rafrænum hætti.
2. Til að endurbirta listaverk í almennu fræðsluefni, gagnrýni og vísindalegri umfjöllun, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Hér er um töluverða breytingu og útvíkkun

samningskvaðar um myndlistaverk að ræða frá því sem nú gildir skv. 2. málsl. 2. mgr. 25. gr. laganna jafnframt því sem hún kemur í stað þrengri afnotakvaðar í 3. mgr. 14. gr. laganna.

3. Vegna eintakagerðar af útgefnum verkum til notkunar innan stofnanna, samtaka og fyrirtækja vegna eigin starfsemi þeirra, þ.m.t. upptökur úr hljóðvarpi og sjónvarpi, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Þessu ákvæði er ætlað að koma í stað samningskvaðaákvæðis um ljósritun sem er að finna í 15. gr. a í lögnum en með víðtækara gildissviði.

4. Fyrir stofnanir til að gera eintök af upptökum útsendinga hljóðvarps og sjónvarps til nota fyrir blinda, sjónskerta og heyrnarlausar, sbr. 10. gr. frumvarpsins, sem er nýmæli.

5. Vegna útsendinga á útgefnum verkum í útvarpi og vegna annars opinbers flutnings sem ekki felur í sér miðlun efnis í skilningi 4. mgr. 2. gr laganna, sbr. 11. gr. frumvarpsins. Ákvæði frumvarpsins er sambærilegt gildandi ákvæði 1. og 2. mgr. 23. gr. laganna en að auki er lagt til að í stað 3. mgr. 23. gr. gildandi laga um innheimtuumboð verði lögleitt ákvæði um samningskvöð.

6. Fyrir endurvarp um kapalckerfi, sbr. 12. gr. frumvarpsins, sem er sambærilegt gildandi ákvæði 23. gr. a. í lögnum.

7. Til að heimila útvarpsstöðvum að endurútsenda og gera aðgengileg á annan hátt áður útsend verk úr safni þess, sbr. 13. gr. frumvarpsins.

8. Í afmörkuðum, vel skilgreindum tilvikum, sbr. 2. mgr. a-liðar 15. gr. frumvarpsins.

Höfundalög annarra Norðurlandþjóða hafa að geyma sérstök ákvæði um hvernig staðið skuli að samningum á grundvelli samningskvaða, sem m.a. eiga að tryggja rétt utanfélagsmanna sem bundnir eru af slíkum samningum. Gildandi samningskvaðaákvæði í íslensku höfundalögnum tiltaka hvert um sig ráðstafanir til að tryggja rétt utanfélagsmanna en ekki er samræmi milli þessara ákvæða. Öll gildandi samningskvaðaákvæðin kveða í fyrsta lagi á um að rétthafasamtök sem hafa samningsheimild á grundvelli samningskvaðaákvæðis skuli annast hagsmunagæslu fyrir „verulegan“ hluta „íslenskra“ rétthafa á viðkomandi sviði og vera viðurkennd af mennta- og menningarmálaráðuneyti. Í 23. gr. gildandi laga er tilgreint að aðeins ein samtök á hverju sviði skuli fá viðurkenningu til að semja um flutning verka á grundvelli samningskvaða. Í framkvæmd hefur það verið láta gilda um aðrar samningskvaðaheimildir höfundalaganna þótt ekki sé kveðið á um það í viðkomandi lagagreinum.

Í öðru lagi segja ákvæðin fyrir um að rétthafar sem standa utan viðkomandi samtaka skuli hafa sama rétt og félagsmenn við úthlutun endurgjalds sem innheimt er skv. samningi sem veitir samningskvaðaleyfi. Ólíkar reglur gilda á hinn bóginn um rétt utanfélagsmanna til einstaklingsgreiðslna og hvernig skuli fara með ágreining um slíkar kröfur sem og um fyrningu slíkra krafna. Þá gilda ekki samræmdar reglur um hvernig með skuli farið ef ekki næst samkomulag á grundvelli samningskvaða. Mikilvægt er að um þessi atriði gildi samræmdar reglur og það því lagt til í frumvarpinu, sbr. c-lið 15., 19. og 22. gr. frumvarpsins.

#### **IV. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.**

Frumvarp þetta hefur ekki gefið tilefni til sérstaks mats á samræmi við stjórnarskrá.

Með öðrum áfanga endurskoðunar á höfundalögum var leitast við að samræma I. kafla laganna við þróun höfundalaga í öðrum norrænum ríkjum og þá sérstaklega með tilliti til tilskipunar um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu (e. InfoSoc Directive). Þriðji áfangi endurskoðunarinnar lýtur að samningskvaðaleyfi en ákvæði um slíkt hafa

verið um árábil í norrænum höfundalögum. Með þeirri breytingu sem nú er lögð til er leytast við að samræma íslenskan rétt að norrænum rétti.

## V. Samráð

Frumvarpið er samið í samráði við höfundaréttarnefnd, sem er mennta- og menningarmálaráðherra til ráðuneytis um höfundaréttarmál skv. 58. gr. höfundalaga.

## VI. Mat á áhrifum

Verði frumvarp þetta að lögum mun það leiða til þess að réttarástand Íslands á sviði höfundaréttar verður fært nær því réttarástandi sem er við lýði í nágrannalöndunum. Slík samræming er talin auka skilvirkni á réttarsviðinu.

Þá er talið rétt og eðlilegt að breyta orðalagi laganna sem taka til einkaréttar höfunda til eintakagerðar og birtingar verka þeirra með sérstöku tilliti til tilskipunarinnar, til að tryggja að orðalagið sé í samræmi við efni tilskipunar. Nauðsynlegt er að orðalag og hugtök séu í samræmi við inntak réttarins.

Með samræmingu ákvæða um sammingskvaðir verða löggin skýrari hvað varðar rétt utanfélagsmanna og jafnframt eiga uppfærð ákvæði að tryggja skilvirkari not sammingskvaða í þeim tilvikum þar sem um mikla notkun fjölda verka er að ræða til hagsbóta fyrir notendur og rétthafa.

### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

#### Um 1. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að efni 2. gr. og 3. gr. gildandi laga verði sameinað í eina og sömu grein, svo úr verði ný 2. gr. Hin nýja grein kveður á um einkarétt höfunda til þess að gera eintök af verki sínu og gera það aðgengilegt almenningi í 1. mgr.

Í 2. mgr. er skilgreint hvað felst í hugtakinu „eintakagerð“ og í 3. mgr. er inntak þess „að gera verk aðgengilegt almenningi“ útlistað.

Í 3. gr. gildandi laga er kveðið á um einkarétt höfundar til að gera eintök af verki sínu. Í 2. gr. laganna eru svo hugtök sem máli skipta í því samhengi skilgreind. Það þykir horfa til aukins skýrleika að fella ákvæðin saman í eina lagagrein. Þá er hugtakanotkun breytt og notað orðasambandið „að gera verk aðgengilegt“ í stað hugtaksins „birting“ en hið nýja orðalag þykir gagnsærra í þessu samhengi.

Við innleiðingu tilskipunarinnar í íslenskan rétt, með lögum nr. 9/2006, var sú leið valin að hrófla sem minnst við orðalagi þágildandi höfundalaga. Þess í stað var áhersla lögð á að þrátt fyrir að orðalag laganna væri þrengra en skilgreiningar tilskipunarinnar þá yrðu löggin túlkuð á sama hátt og tilskipunin segði til um, sbr. fylgiskjal II með því frumvarpi sem varð að lögum nr. 9/2006. Þá var jafnframt var vísað til þess að við fyrirhugaða heildarendurskoðun laganna yrði þessi afstaða endurmetin.

Þykir rétt við yfirstandandi heildarendurskoðun laganna að endurraða inntaki 2. og 3. gr. gildandi laga í eina grein og breyta þannig orðalagi ákvæðanna að þau séu í skýru samræmi við ákvæði tilskipunarinnar. Með tilvísunum í 45., 46., 48., 49. og 50. gr. gildandi laga til 2. gr. laganna er rétthöfum sem tilgreindir eru í þessum ákvæðum veitt sömu réttindi og höfundum verndaðra verka.

Með 1. mgr. er lagt til að efnisinntak 3. gr. gildandi laga verði flutt í 1. mgr. 2. gr. laganna. Sú breyting sem hér er lögð til er í samræmi við 2. gr. dönsku höfundalaganna. Orðalag ákvæðisins er lítillega breytt auk þess sem undirstrikað er að einkaréttur höfunda takmarkist af öðrum ákvæðum laganna, sbr. ákvæði II. kafla. Ákvæðið er í samræmi við 1. mgr. 2. gr. dönsku höfundalaganna.

Með 2. mgr. er hugtakið „eintakagerð“ skilgreint. Gildandi ákvæði höfundalaga skilgreina eintakagerð þannig að hugverk (bókmenntaverk eða listaverk) er tengt hlutum, einum eða fleiri, sbr. 1. mgr. 2. gr. gildandi laga. Þá er ákvæðið túlkað á sama hátt og ákvæði tilskipunarinnar þrátt fyrir að orðalag ákvæðisins sé þrengra en í tilskipunarinnar, sbr. fylgiskjal II með því frumvarpi sem varð að lögum nr. 9/2006. Af því leiðir að talið er rétt að orðalag laganna sé í sem mestu samræmi við orðalag tilskipunarinnar og önnur norræn höfundalög. Því er lagt til að skýrlega verði kveðið á um að eintakagerð teljist sérhver bein eða óbein, tímabundin eða varanleg gerð eintaks af verki, í heild eða af hluta þess, með hvaða aðferðum sem er og í hvaða formi sem er. Undir þessa skilgreiningu fellur til dæmis gerð stafrænna afrita, sem er tæknilega óhjákvæmileg vegna miðlunar verka í tölvum, netkerfum og gagnasamskiptum um netið en slík afrit falla í mörgum tilvikum undir ákvæði 10. gr. a. gildandi laga sem takmarka einkarétt höfunda til slíkrar eintakagerðar.

Í seinni málslið 2. mgr. er þess getið til skýringar að það teljist meðal annars eintakagerð þegar verk er tekið upp á miðil, sem nota má til endurmiðlunar. Í þessu felst að til eintakagerðar telst ekki einungis eftirgerð, sem er sýnileg berum augum eins og t.d. prentun bóka og ljósrítun þeirra, heldur einnig eftirgerðir á hljóðböndum, myndböndum og þess háttar hljóð- og myndmiðlum. Í slíkum tilvikum skynjar notandi ekki verkið fyrr en hljóð- eða myndrit er flutt í tæki til endurmiðlunar. Sama á við eintök sem hlaðið er niður á tölvu eða gerð aðgengileg gegnum netið. Hugtakið endurmiðlun er notað um eintakagerð af framangreindu tagi og er það þýðing á hugtakinu „gengivelse“, sem notað er um sams konar eftirgerð í öðrum norrænum höfundalögum. Hugtakið var valið samkvæmt tillögu íslenskrar málstöðvar. Ekki er um nýmæli að ræða heldur er breytingunni ætlað að skýra betur gildandi rétt og stuðla þannig að auknu gagnsæi laganna.

Í 3. mgr. er skilgreint hvað felst í að gera verk aðgengilegt almenningi. Eins og að ofan greinir þá er hér lagt til að nota orðalagið að gera verk aðgengilegt almenningi í stað hugtaksins birting án þess að ætlunin sé að breyta inntaki réttarins. Samkvæmt norrænum rétti hefur birtingaréttur höfunda verið talinn fela í sér þrennt, þ.e. rétt til opinbers flutnings, rétt til opinberrar sýningar eintaks og rétt til dreifingar eintaks, sbr. 3. mgr. 2. gr. gildandi laga. Þessari þrískiptingu er viðhaldið í 3. mgr.

Þá er í 1. tölul. 4. mgr. sérstaklega tekið fram að miðlun verka til almennings (e. „communication to the public“) og þ.m.t. að gera verk aðgengilegt með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og þeirri stundu er viðkomandi kýs falli undir flutningsréttinn. Um miðlunarréttinn skv. 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar segir í almennum athugasemdum með því frumvarpi sem varð að lögum nr. 9/2006:

„Í einkarétti höfunda til miðlunar verka sinna til almennings felst skv. 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar réttur höfunda „til að heimila eða banna hvers konar miðlun verka sinna til almennings, um þráð eða þráðlaust, þar með talið að gera verk sín aðgengileg almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkunum á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs“. Í tilskipuninni (23. skýringargrein) er rétturinn til miðlunar til almennings skilgreindur nánar, en þar segir að þennan rétt beri að skilja á almennan hátt þannig að hann taki til allrar miðlunar til almennings sem er ekki staddur á þeim stað þar sem miðlunin fer fram. Þá segir að þessi réttur skuli ná yfir hvers kyns útsendingar eða endurvarp á verkum til almennings um þráð eða þráðlaust, þar á meðal útvarp (hljóðvarp og sjónvarp). Loks segir að þessi réttur skuli ekki ná yfir neinar aðrar aðgerðir. Ekki er fyllilega ljóst hversu víðtækur einkarétturinn til miðlunar til almennings er. Þó er skýrt að í ákvæðinu er gert ráð fyrir einhverri fjarlægð milli þess staðar þar sem miðlunin fer fram og þeirra sem

á móti miðluninni taka („almennings, sem er ekki staddur á þeim stað, þar sem miðlunin fer fram“). Þannig nær ákvæðið til dæmis ekki til milliliðalauss flutnings á verkum höfunda frammi fyrir áhorfendum eða áheyrendum. Að því leyti nær einkaréttur höfunda til miðlunar verka til almennings skemmra en einkaréttur höfunda til birtingar verka sinna samkvæmt íslensku höfundalögum, en verk telst meðal annars birt þegar það er með rétttri heimild flutt eða sýnt opinberlega..“

Tilgangur ákvæðis 3. gr. tilskipunarinnar var að taka af öll tvímæli um einkarétt höfunda til miðlunar verka sinna gegnum netið. Við innleiðingu tilskipunarinnar í íslensk lög var komist að þeirri niðurstöðu að hugtakið birting í íslenskum höfundarétti væri það víðtækt að það tæki einnig til miðlunarréttarins skv. 3. gr. tilskipunarinnar og því var ekki gerð breyting á 3. mgr. 2. gr. laganna en ákveðið að taka þessa afstöðu til athugunar við heildarendurskoðun laganna. Nú þykir hins vegar rétt að leggja til þá breytingu að orðalag ákvæðisins verði lagað að orðalagi tilskipunarinnar eins og gert hefur verið í öðrum norrænum höfundalögum á undanförunum árum. Ekki er um breytingu á inntaki réttarins að ræða heldur er eingöngu lagt til að kveðið verði skýrt á um það í 4. mgr. að miðlunarrétturinn falli undir réttinn til opinbers flutnings. Rétthöfum skyldra réttinda samkvæmt V. kafla höfundalaga er tryggður einkaréttur til að heimila eða banna að andlag skyldra réttinda sé gert aðgengileg á netinu með tilvísunum til viðeigandi ákvæða í I. kafla laganna eins og áður hefur verið getið.

Einkaréttur réttihafa til að gera verk sín aðgengileg almenningi (birta þau) felur í sér að verk er gert almenningi aðgengilegt með dreifingu eintaka, opinberri sýningu eintaka eða flutningi. Það felur þá jafnframt í sér að dreifing, sýning eða flutningur verks innan þröngs persónulegs hóps, t.d. uppsetning leikrits innan veggja heimilisins eða lán höfundaréttarvarins verks til fjölskyldu eða náins vinar, fellur ekki þar undir í skilningi höfundalaga. Þegar meta skal hvort flutningur verks er aðgengilegur almenningi eða ekki er það staða þess sem stuðlar að flutningnum sem skiptir máli og tengsl hans við þá er hafa tök á að njóta flutningsins en ekki staða móttakanda. Ef verk er flutt þar sem almenningur hefur tök á að njóta þess skiptir ekki máli hvort hlustendur eru fáir eða margir. Þannig getur einkaréttur höfunda til miðlunar talist brotinn við það eitt að verk sé gert aðgengilegt almenningi óháð því hvort einstök eintök af verkinu hafa verið send frá einum aðila til annars. Dæmi um slíka miðlun til almennings væri t.d. að gera verk aðgengilegt með því að hlaða verki inn á vefsíðu (e. upload), gera aðgengilegt til niðurbals eða streyma efni í gegnum jafningjanet (e. Peer-to-Peer network). Í 1. tölul. 4. mgr. er sérstaklega tilgreint að miðlun verka til almennings telst vera opinber flutningur þ.á m. útsending þeirra í útvarpi og þegar verk er gert aðgengilegt almenningi með þeim hætti, að hver og einn getur fengið aðgang að verkinu á þeim stað, á þeirri stundu og með þeim búnaði, er hann sjálfur kys. Miðlunarrétturinn er því ein tegund opinbers flutnings sem tekur til þess að verk er gert aðgengilegt fyrir fjölda manna sem eru ekki á sama stað og verkinu er miðlað frá ólíkt því þegar verk er flutt milliliðalaust í tónleikasal eða leikhúsi fyrir áhorfendur. Ekki skiptir máli hvort viðtakendur eru í einum hópi eða dreifðir um víðan völl. Í árdaga útvarpssendinga og svo aftur með tilkomu netsins var umræða um hvort það gæti talist opinber flutningur þegar fólk hlustaði á útvarp eða skoðaði efni á netinu, hver á sínum stað, þ.e. ekki í hóp manna. . Með tilkomu netsins og miðlunar verka þar reis einnig sú spurning hvort um opinberan flutning væri að ræða ef viðtakendur nyttu aðgang að verkinu á mismunandi tíma. Hér er undirstrikað að svo sé. Eins og að ofan greinir þá ræður úrslitum að ótilgreindur fjöldi manna geti notið verksins þó hver sé í sínu horni og á mismunandi tímapunkti. Jafnframt er tilgreint að það að rétturinn til að gera verk aðgengilegt á þeim stað og þeirri stundu sem einstaklingur kys sé óháð búnaði, þ.e. ekki skiptir máli hvort viðkomandi noti

hefðbundna tölvu eða snjallsíma eða annan búnað til að fá aðgang að verki í þessu samhengi.

Í 2. tölulið 4. mgr. er tilgreint, að það teljist vera opinber flutningur í skilningi laganna – og þar með gert almenningi aðgengilegt – þegar verk er flutt á atvinnustöðvum fyrir stóran hóp manna, sem endranær er talinn vera lokaður hópur. Hér er um að ræða orðalagsbreytingu frá ákvæði 5. mgr. 2. gr. gildandi höfundalaga, en þar er sérstaklega tiltekið að um sé að ræða opinbera birtingu þegar verk er flutt eða sýnt á atvinnustöðvum, þar sem 10 menn vinna eða fleiri. Með breytingunni er ekki ætlunin að breyta þessari framkvæmd heldur er talið rétt, að geta ekki um tiltekinn fjölda manna í ákvæðinu, heldur láta það fara eftir aðstæðum hverju sinni, hvort um opinberan flutning telst vera að ræða eða ekki.

Í 3. tölul. 4. mgr. er undirstrikað að þegar útvarpsflutningur á tónlist eða bókmenntaverki er gerður aðgengilegur almenningi á þann hátt að honum er dreift með hátalara til almennings, t.d. í verslunum eða á öðrum stöðum sem aðgengileg eru almenningi öllum, er um að ræða sjálfstæðan opinberan flutning verksins. Þetta er samsvarandi ákvæði og nú er að finna í 4. mgr. 2. gr. gildandi laga.

5. mgr. er samhljóða ákvæði 6. mgr. 2. gr. gildandi laga.

#### Um 2. gr.

Í 2. gr. er að finna skilgreiningu á hvenær verk telst löglega birt og hvað telst útgáfa verka. Þessar skilgreiningar hafa m.a. þýðingu fyrir ákvæði II. kafla laganna um takmarkanir sem miðast ýmist við löglega birt eða útgefin verk.

Í 1. mgr. er skilgreint hvenær birting í skilningi höfundalaga telst hafa átt sér stað. Verkið telst hafa verið birt og gert almenningi aðgengilegt ef eintökum af því hefur verið dreift opinberlega, eintök af því hafa verið sýnd opinberlega eða verkið flutt opinberlega, sbr. 3. mgr. 2. gr. laganna, allt með rétttri heimild. Skilyrðið um rétta heimild telst uppfyllt ef samþykki höfundar eða annars rétthafa liggur fyrir við birtingu verksins eða ef ákvæði II. kafla laganna heimila birtingu án samþykkis höfundar. Geymsla áður óbirtra höfundaverka í skjalasöfnum hefur t.d. ekki sjálfkrafa í för með sér að verkið teljist birt í skilningi höfundalaga, jafnvel þótt einhver aðgangur sé að verkinu. Birtingarhugtakið er því hér tengt því þegar verk er gert aðgengilegt í fyrsta sinn með lögmaetum hætti. Ef verk telst ekki birt samkvæmt þessu ákvæði hefur það í för með sér að ákvæði II. kafla höfundalaga um takmarkanir á höfundarétti sem taka til birtra verka eiga ekki við, t.d. rétturinn til að gera eintak til einkanota, sbr. 11. gr. laganna, og réttur til tilvitnunar, sbr. 14. gr. laganna. Í tilteknum tilvikum ræður birtingartími verks því hvenær gildistíma verndar lýkur, sbr. 44. og 44. gr. a. í lögum.

Í 2. mgr. er að finna skilgreiningu á hvenær verk telst útgefið. Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. másl. 2. mgr. 2. gr. laganna, að því undanskildu að fellt er niður skilyrðið „og í álitaverðum fjölda“. Er það í samræmi við ákvæði 3. mgr. 3. gr. Bernarsáttmálans sem setur það ekki sem skilyrði fyrir að verk teljist útgefið að það sé í ákveðnum fjölda eintaka heldur eingöngu að framboð útgefina verka fullnægi ”sanngjörnum kröfum almennings, þegar hliðsjón er höfð af tegund verksins”. Því er ljóst að þrátt fyrir að fellt verði niður skilyrðið „og í álitaverðum fjölda“, sem fram kemur í 2. mgr. 2. gr. gildandi laga, ber ekki að líta svo á að fallið sé frá skilyrðinu um dreifingu á tilteknum fjölda eintaka. Um hvað telst vera lágmarksfjöldi útgefina eintaka fer eftir tegund verks og aðstæðum að öðru leyti. Réttaráhrif útgáfu teljast frá þeim tíma er fyrsta eintaki er dreift til almennings.

Hugtökin birting og útgáfa eru nátengd og tengjast oft sama atburði en þó er sá munur á að verk kann að vera birt án þess að um útgáfu þess sé að ræða. Um útgáfu er ekki ræða nema eintök verks séu boðin opinberlega til sölu, lánuð, leigð eða komið í hendur almennings með öðrum hætti með samþykki höfundar eða á annan hátt með

réttri heimild. Samþykki höfundar getur verið óbeint. Verk getur verið birt án þess að samþykki höfundar liggi fyrir, t.d. skv. undanþáguákvæði 4. mgr. 25. gr. laganna, og það telst þá ekki útgáfa í skilningi þessa ákvæðis. Hins vegar telst lögleg útgáfa verk alltaf birting þess. Í þessu sambandi telst það þó ekki útgáfa þótt eintök verks séu komin í vöruhús hjá framleiðanda, innflytjanda, útgefanda eða endursöluaðila. Verk getur einnig talist útgefið þó það fyrirfínnist eingöngu á stafrænu formi, t.d. ef það er gert aðgengilegt almenningi á netinu með samþykki höfundar og hægt er að gera eintök af því. Sama getur gilt um verk í gagnagrunnum þar sem notendum er heimilt að prenta út eintök af verkum. Í því sambandi geta þó risið flókin álitamál varðandi hvert sé upprunaland útgáfu sem hefur áhrif undir Bernarsáttmálanum, sbr. 5. gr. sáttmálans, og því nauðsynlegt að meta hvert tilvik fyrir sig.

#### Um 3. gr.

Hér er lagt til að 3. og 4. mgr. 6. gr. gildandi laga verði felldar niður. Þessum málsgreinum var bætt við 6. gr. laganna með 10. gr. laga nr. 60/2000 þegar innleidd var tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/9 um lögverndun gagnagrunna um sérstaka vernd gagnagrunna sem ekki uppfylla ákvæði höfundalaga. Ákvæðunum var ætlað að skýra að gagnagrunnar geti notið tvenns konar verndar. Annars vegar er um að ræða höfundavernd, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna ef skilyrðum um frumleika væri fullnægt varðandi niðurröðun og samsetningu gagnagrunnsins en kveðið er á um þessa vernd í 3. gr. tilskipunarinnar. Hins vegar er um að ræða sinnar tegundar rétt (*sui generis*) er tekur til öflunar, staðfestingar og framsetningar efnis í gagnagrunnum, sbr. 7. gr. tilskipunarinnar og 50. gr. höfundalaga, sbr. 10. gr. laga nr. 60/2000. Með skipun ákvæðis um gagnagrunna í 6. gr., sem fjallar um safnverk er hætt við þeim misskilningi að gagnagrunnar falli ætíð að skilgreiningu um safnverk. Í hugtakinu gagnagrunnur eins og það er sett fram í 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar um lögverndun gagnagrunna felst hins vegar ekki að gögnin sem varðveitt eru í grunninum séu ætíð vernduð verk heldur er gagnagrunnur safn sjálfstæðra verka, upplýsinga eða annars efnis sem uppfyllir tiltekin skilyrði. Í öðrum norrænum höfundalögum hafa ekki verið sett sérstök ákvæði um gagnagrunna er njóta höfundaverndar enda falla þeir undir 1. gr. laganna eins og önnur verk. Tilgangur þess að fella niður 3. og 4. mgr. 6. gr. laganna er ekki sá að breyta efnislegum reglum um vernd gagnagrunna að höfundarétti eða falla frá skilgreiningu gagnagrunna eins og hún er sett fram í 4. mgr. 6. gr. heldur að koma í veg fyrir þann misskilning að gagnagrunnar þurfi að uppfylla skilyrði þess að vera safnverk.

#### Um 4. gr.

Hér er lagt til að orðalagi 10. gr. laganna verði breytt vegna breytts lagaumhverfis og hugtakanotkunar. Gildandi ákvæði undirstrikar að nytjalist njóti höfundaverndar þrátt fyrir að hún geti notið verndar samkvæmt öðrum lögum. Þegar 10. gr. var lögfest með lögum 73/1972 var hægt í mörgum ríkjum með svokölluðum mynsturlögum að öðlast vernd er tók til útlits nytjamuna eða nytjalistar. Ákvæði um slíka vernd voru fyrst lögfest hér á landi með lögum nr. 48/1993 um hönnunarvernd en gildandi lög um það efni eru nr. 46/2001. Því er lagt til að orðalagi greinarinnar verði breytt til að endurspeglja þann veruleika. Jafnframt þykir rétt að ákvæðið sé ekki einskorðað við nytjalist enda geta fleiri höfundarverk, svo sem myndlistarverk, uppfyllt skilyrði laga nr. 46/2001 um skráningu sem hönnun.

#### Um 5. gr.

Rétt þykir að breyta kaflaheiti II. kafla til að skýra hvað falli undir kaflann, þ.e. bæði takmarkanir á höfundarétti og ákvæði um umsýslu höfundaréttar á grundvelli sammingskvaða. Almenn er ekki talið að sammingskvaðaákvæði sem heimila

samingskvaðaleyfi sé takmörkun á höfundarétti, sbr. formálgrein 18 í tilskipun 2001/29/EB, heldur leið til að einfalda not verka sem vernduð eru að höfundarétti þegar ekki er grundvöllur til samninga um notin á einstaklingsgrundvelli.

#### Um 6. gr.

Hér er um að ræða nýtt ákvæði sem heimilar samingskvaðaleyfi í þeim tilgangi að greiða fyrir yfirfærslu réttinda vegna stafrænnar eintakagerðar og miðlunar slíkra eintaka vegna starfsemi safna í ríkari mæli en gert er ráð fyrir í 12. gr. gildandi laga. Samsvarandi heimild og hér er lagt til að tekin verði upp er að finna í öðrum norrænum höfundalögum en ákvæði þeirra eru misjafnlega víðtæk. Hér er lagt til að fylgt verði finnskri, norskri og sænskri fyrirmynd sem hefur það að leiðarljósi að samningsaðilar hafi svigrúm til að semja um not verka með stafrænni tækni án takmarkana á því til hvaða verka eða nota slíkt samingskvaðaleyfi taki, þ.e. utan þeirra takmarka sem leiða má af ákvæðinu að um verk sé að ræða sem er að finna í viðkomandi safni og þeirri óorðuðu grunnforsendu að notin tengist starfsemi þess.

Nútímataekni hefur í för með sér að stafræn eintakagerð og miðlun stafrænna verka telst eðlilegur hluti af starfsemi safna. Réttthafar verndaðra verka hafa einkarétt til að heimila slíka eintakagerð og miðlun verka og undanþága frá því væri í ósamræmi við tilgang verndar. Hins vegar er eðlilegt að reynt sé að auðvelda söfnum sem falla undir 1. mgr. 12. gr. höfundalaga að afla sér rétttra heimilda fyrir notkun sem fellur utan undanþáguheimilda 12. gr. laganna með því að semja við rétthafasamtök og láta slíka samninga ná til hagnýtingar verka sömu tegundar, jafnvel þótt höfundar þeirra standi utan samtakanna. Tilskipun um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu kveður á um að ekki sé heimilt að gera eða afhenda stafræn eintök á grundvelli ákvæðis um eintakagerð til einkanota án greiðslu sanngjarnra bóta til rétthafa, sbr. b-lið 2. mgr. 5. gr. og 4. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar. Þetta hefur t.d. í för með sér að bókasöfn geta einungis afhent lánþegum pappírseintök af tímaritsgreinum sem þau útvega með aðstoð millisafnalána. Því er m.a. ætlunin með ákvæðinu að gera bókasöfnum kleift að gera samning er veitir samingskvaðaleyfi sem taki til þess að afhenda lánþegum stafræn eintök á grundvelli ákvæðis um eintakagerð til einkanota, sbr. 1. mgr. 11. gr. laganna. Það væri óvinnandi vegur fyrir söfn að afla sér heimildar til slíks frá hverjum og einum rétthafa og því er eðlilegt að heimila slíkt með samningskvaðasamningum. Þeir höfundar sem standa utan samtakanna, sem samningskvaðaleyfið tekur til, hafa sama rétt til þóknunar og þeir sem hafa veitt samtökunum samningsumboð til að koma fram fyrir þeirra hönd og geta jafnframt gert kröfu á samtökin um að fá þóknun greidda beint til sín, sbr. 12. gr. frumvarpsins.

Heimildin tekur til birtra verka sem eru í viðkomandi safni. Skilgreiningu á því hvenær verk teljast birt er að finna í 3. mgr. 2. gr. gildandi laga og ekki er ætlunin að breyta þeirri skilgreiningu efnislega með þessu frumvarpi, sbr. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Þau verk sem söfnum áskotnast en eru óbirt, t.d. skjalasöfn úr einkaeigu, eru yfirleitt afhent söfnum með samningi milli gefanda og safns þar sem unnt er að kveða á um nýtingarheimildir. Sjá einnig í þessu sambandi skýringar við 2. mgr. a-lið 15. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að hægt verði að semja um sérstakt, afmarkað samingskvaðaleyfi sem getur náð til óbirts efnis. Til þess að heimildin nýtist á tilætlaðan hátt, t.d. að lánþegar geti fengið afhent stafræn eintök af tímaritsgreinum, er mikilvægt að heimildin taki einnig til verka sem safnið hefur tímabundið til umráða á grundvelli millisafnalána.

Ákvæðið bindur ekki hendur samningsaðila að öðru leyti en því að um eintakagerð og miðlun verka viðkomandi safns þarf að vera að ræða og vegna starfsemi þess. Þannig geta aðilar t.d. samið um að samningurinn taki einungis til verka frá ákveðnu tímabili eða verka af ákveðinni tegund sem er að finna á safninu eða að rétthafar geti lagt bann

við að verk sín verði notuð samkvæmt slíkum samningi. Ef aðilar ná ekki samkomulagi um samningskvaðaleyfi á grundvelli ákvæðisins geta þeir leitað eftir sáttameðferð, sbr. 13. gr. frumvarpsins, eða lagt ágreining undir úrskurðarnefnd 57. gr. höfl., sbr. 20. gr. frumvarpsins.

#### Um 7. gr.

Með 4. gr. laga nr. 9/2006 var ákvæði 2. mgr. 14. gr. breytt á þann veg að heimilt er að vitna í listaverk með því að birta myndir eða teikningar af listaverkum ef birtingin er ekki í fjárhagslegum tilgangi. Var breytingin í samræmi við ákvæði a-liðar 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar. Með ákvæði 3. gr. frumvarpsins er lagt til að birting mynda af listaverkum í tengslum við almenna fræðslu, gagnrýni og vísindalega umfjöllun verði heimil þrátt fyrir að hún sé í fjárhagslegum tilgangi ef fyrir hendi er samningur er veitir samningskvaðaleyfi. Þessari samningskvaðaheimild er ætlað að koma í stað afnotakvaðar sem nú er að finna í 3. mgr. 14. gr. Það ákvæði veitir takmarkaðri heimild til að nota myndlistarverk í almennri kynningu sem fram fer í fjárhagslegum tilgangi. Ákvæðið, eins og lagt er til að því verði verði breytt, er í samræmi við ákvæði 24. gr. a. í dönsku höfundalögunum. Um hvað teldist vera fjárhagslegur tilgangur í þessu sambandi er vísað til umfjöllunar um það efni í athugasemdum við 4. gr. í því frumvarpi sem varð að lögum nr. 9/2006.

Með ákvæðinu er stuðlað að því að einfalda réttindauppgjör vegna endurbirtingar listaverka í almennu fræðsluefni, í sambandi við gagnrýni og við vísindalega umfjöllun sem fram fer í fjárhagslegum tilgangi en innleiðing a-liðar, 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar, sbr. 4. gr. laga nr. 9/2006, hafði það í för með sér að endurbirting framangreindra verka í hagnaðarskyni er í öllum tilvikum háð greiðslu endurgjalds.

Tilskipunin um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu stendur ekki í vegi fyrir að framangreind notkun í hagnaðarskyni verði heimiluð með samningskvöð, sbr. 18. skýringargrein tilskipunarinnar. Samkvæmt ákvæðinu er t.d. heimilt að endurbirta listaverk í almennu kennsluefni þegar fullnægt er almennu skilyrði 2. mgr. a-liðar 15. gr. frumvarpsins (sem verður 2. mgr. 26. gr. a. í lögunum). Með því að gera samning er veitir samningskvaðaleyfi er notanda auðveldað að afla heimildar t.d. þegar um endurbirtingu margra verka í einu lagi er að ræða, s.s. við útgáfu alfræðiritra. Skilyrði er að notandi í þessu samhengi, t.d. útgefandi alfræðiritis, hafi gert samning í samræmi við 2. mgr. a-liðar 15. gr. frumvarpsins við þau rétthafasamtök sem teljast hafa samningsumboð fyrir höfunda þess konar verka sem notin snúa að, þ.e. í þessu tilviki Myndhöfundasjóður Íslands – Myndstef.

Endurbirting samkvæmt þessu ákvæði er ekki bundin við ákveðna tækni og getur því bæði verið hliðræn og stafræn.

Í öðrum málslíð er gerður sá fyrirvari að endurbirting verks á grundvelli samningskvaðaleyfis er óheimil ef höfundur, eða annar rétthafi samkvæmt framsali eða fyrir erfðir, viðkomandi verks hefur sett bann við slíkri notkun þess gagnvart samningsaðila. Þessi fyrirvari tekur til þeirra rétthafa sem ekki eru félagsmenn í viðkomandi samtökum. Félagsmenn eru bundnir af samningum rétthafasamtakanna ef þeir hafa framselt rétt sinn að því leyti. Annað mál er að í samningi geta aðilar, samið um að rétthafar almennt, bæði félagsbundnir og ófélagsbundnir, geti lagt bann við notkun verka sinna skv. samningnum.

Banninu getur verið beint gagnvart hvorum samningsaðila sem er, annaðhvort notanda samkvæmt samningskvaðaleyfi eða almennt gagnvart rétthafasamtökum sem eru bær til að semja um not sem samningskvaðaleyfi taka til. Ef banninu er beint gagnvart rétthafasamtökum ber þeim skylda til að tilkynna notendum samningskvaðaleyfisins um slíkt almennt bann þar sem það er grundvöllur þess að bannið verði virkt. Einnig er að sjálfsögðu hægt að kveða á í samningnum sem er

grundvöllur samningskvaðaleyfisins að ef réttthafi tilkynni notanda um bannið þá beri viðkomandi notanda að tillkynna réttthafasamtökunum um slíkt.

Það er skilyrði notkunarbanns að réttthafinn leggi bannið á í eigin persónu gagnvart notanda eða réttthafasamtökum, þar sem tilgreind eru með skýrum hætti þau verk sem falla undir bannið. Í skilyrðinu um að höfundur leggi bannið á í eigin persónu felst m.a. að notkunarbann sem félög og stofnanir kynnu að leggja á gagnvart leyfishafa eða réttthafasamtökum, hefur ekki gildi, nema þau hafi til þess sérstakt umboð eða framsal frá höfundi. Um gildi þess háttar umboðsmennsku gilda almennar reglur samningaréttar. Almennar yfirlýsingar eða ummæli höfunda um að þeir óski þess að verk þeirra verði ekki notuð í ákveðnu samhengi eða af ákveðnum aðilum, eða prentaðir fyrirvarar í bókum með sama efni hafa ekki réttaráhrif sem bann samkvæmt þessum málslið.

Vert er að geta þess að ákvæði 26. gr. höfundalaga um sæmdarrétt, sbr. 4. gr. laganna, á að sjálfsgöðu einnig við um birtingu listaverka samkvæmt þessu ákvæði.

#### Um 8. gr.

Hér er lagt til að 15. gr. a. falli niður þar sem með frumvarpinu er lagt til að ákvæði um eftirgerð verka sem nú fellur undir 15. gr. a. verði framvegis að finna í 18. gr., 26. gr. a. og 26. gr. b. í lögnum, sbr. 5., 11. og 12. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr. Hér er lagt til að takmörkunarákvæði 18. gr. höfundalaga um upptöku birtra verka á hljóðrit í „opinberum skólum“ verði fellt niður og þess í stað sett samningskvaðaákvæði. Lagt er til að ákvæðið taki til gerðar eintaka til notkunar í atvinnustarfsemi, hvort sem það er við kennslu eða aðra starfsemi, að uppfylltum skilyrðum um slíka samninga sem er að finna í 2. mgr. a-liðar 15. gr. frumvarpsins. Ákvæðið kemur einnig í stað 15. gr. a. í gildandi lögum en er jafnframt víðtækara þar sem ákvæðið heimilar samninga um eintakagerð útgefins efnis sem og upptöku á útsendingum hljóðvarps og sjónvarps, hvort sem er á stafrænu eða hliðrænu formi.

Skilyrði fyrir nýtingu þessarar heimildar er að fyrir liggja samningur gerður af þar til bærum samtökum réttthafa verka sem hafa verið gefin út eða send eru út í hljóðvarpi eða sjónvarpi eða gerð aðgengileg í dreifikerfi fjölmiðlaveitu með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kys. Um er að ræða tvenns konar samningskvaðaleyfi, annars vegar vegna ljósritunar eða stafrænnar eintakagerðar útgefna verka og hins vegar vegna upptöku verka sem send eru út í hljóðvarpi eða sjónvarpi eða gerð aðgengileg í dreifikerfi fjölmiðlaveitu með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kys. Notendur verða að leita samninga við þau réttthafasamtök sem uppfylla skilyrði 3. mgr. a-liðar 15. gr. frumvarpsins (sem lagt er til að verði 3. mgr. 26. gr. a. í lögnum) um að vera í forsvari fyrir verulegum hluta höfunda þeirra tegunda af verka sem um ræðir hverju sinni. Ekki er skilyrði að samið verði um öll möguleg not þeirra verka er falla undir ákvæðið hverju sinni. Búast má við að einstakir notendur semji við einstök réttthafasamtök á hverju sviði um þau not sem þörf er á hverju sinni.

Ákvæði 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins er náskýlt 11. gr. gildandi laga, sem felur í sér takmörkun á einkarétti höfunda vegna eintakagerðar til einkanota einstaklinga. Ákvæði 5. gr. frumvarpsins færir lögaðilum hliðstæð réttindi að uppfylltu skilyrði um samningskvaðaleyfi. Viðkomandi lögaðili verður þannig að gera samning um ljósritun við þar til bær samtök réttthafa, svo dæmi sé tekið, og verður t.d. heimild til ljósritunar ekki leidd sjálfstætt af ákvæðinu. Án samnings stendur ekki heimild til slíkrar ljósritunar. Ákvæðið tekur einungis til eintakagerðar útgefna verka, sbr. skilgreiningu í 2. mgr. 2. gr. gildandi laga, og þannig er óheimilt er að gera eintök af óútgefnum verkum án sérstaks leyfis höfundar þrátt fyrir að fyrir liggja samningur sem heimili samningskvaðaleyfi. Með heimildinni til upptöku verka er átt við verk sem send hafa

verið út í hljóðvarpi, sjónvarpi eða hvoru tveggja, að því gefnu að fyrir liggja samningur notanda við þar til bær rétthafasamtök. Sú heimild til eintakagerðar sem veitt er á grundvelli 1. mgr. getur bæði verið hliðræn og stafræn, allt eftir þeirri heimild sem veitt er í samningum. Samningur skv. ákvæðinu getur m.a. tekið til eintakagerðar sem felst í innslætti prentaðs efnis, skönnun prentaðra verka, eintakagerðar með því að verk er sótt rafrænt í gagnagrunn eða á vef, auk stafrænnar eintakagerðar verka sem gefin eru út á stafrænu formi. Eins og orðalag 1. mgr. bendir til er þeim lögaðilum sem greinin tekur til heimilt að gera slík eintök sjálfir eða fá aðra til að gera þau fyrir sig, t.d. fyrirtæki sem sérhæfa sig í slíku. Samningskvaðaleyfi skv. þessu ákvæði getur tekið til alls hljóðs og myndefnis í útvarpi, þ.e. hljóðvarpi eða sjónvarpi, með þeirri takmörkun sem tilgreind er í 2. mgr. ákvæðisins. Auk heimildar til samninga sem veita samningskvaðaleyfi til eintakagerðar, felst í ákvæðinu heimild til að samningskvaðaleyfi taki til dreifingar eftirgerða innan hvernar stofnunar eða fyrirtækis fyrir sig eða meðal stofnana eða fyrirtækja sem eru aðilar að sama samningi við þar til bær rétthafasamtök. Frekari dreifing eftirgerða sem þannig eru til komnar eru óheimilar, nema að fenginni sérstakri heimild rétthafa þar að lútandi. Í öðrum málslið er gerður sá fyrirvari að notkun verks á grundvelli samningskvaðaleyfis er óheimil ef ófélagsbundinn höfundur, eða annar rétthafi, viðkomandi verks hefur sett bann við slíkri notkun þess gagnvart samningsaðila. Um slíkt bann er nánar fjallað í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins og vísast til þeirrar umfjöllunar.

Í 2. mgr. felst takmörkun á heimild 1. mgr., þannig að samningskvaðaleyfi á grundvelli 1. mgr. getur ekki tekið til þess að taka upp úr sjónvarpi kvikmyndaverk sem ætlað er til sýningar í kvikmyndahúsum, nema útsending hafi aðeins falið í sér stuttan útdrátt eða brot úr kvikmyndaverki. Í því tilviki getur samningur náð til slíks útdráttis eða brots. Ekki skiptir hér máli hvort búið er að sýna verkið í kvikmyndahúsum eða ekki. Takmörkunin gildir um allar kvikmyndir og er rökstudd með því að heimild til upptöku á kvikmyndum úr sjónvarpi myndi raska verulega núverandi dreifingarkerfi fyrir kvikmyndir og kæmi hugsanlega í veg fyrir að sjónvarpsstöðvar næðu samningi um að sýna kvikmyndir. Hins vegar væri heimilt að taka upp kvikmyndir sem ekki eru gagnert ætlaðar til sýninga í kvikmyndahúsum, t.d. heimildarmyndir, stuttmyndir o.s.frv. Í 2. mgr. felst einnig sú takmörkun að forrit á stafrænu formi geta ekki fallið undir samninga um samningskvaðaleyfi. Vegna ákvæða 42. gr. b. í gildandi höfundalögum er réttur til forrita yfirleitt á einni hendi sem auðveldar samninga um notkun og því ekki sama þörf á samningskvaðaheimild í tengslum við not á forritum og við notkun annarra tegunda verka.

Í 3. mgr. er kveðið á um að eintök sem gerð eru með heimild í 1. mgr. megi einungis nota í eigin starfsemi og innan þeirrar stofnunar, samtaka eða fyrirtækis sem samningskvaðaleyfissamningurinn tekur til. Til eigin starfsemi fyrirtækja og stofnana telst t.d. notkun í starfsstöðvum og útibúum, óháð staðsetningu þeirra. Sala og dreifing eintaka gerðra á grundvelli samnings um samningskvaðaleyfi til þriðja aðila eins og viðskiptavina falla að sjálfsgöðu ekki þar undir. Ákvæðið tekur eingöngu til notkunar á eintaka sem gerð eru með heimild í þessari grein og hefur því ekki áhrif þær heimildir til flutnings verka sem kveðið er á um í 21. gr. höfundalaga.

#### Um 10. gr.

Í þessu ákvæði felst almenn heimild til samninga er veita samningskvaðaleyfi í þágu fatlaðra. Sambærilegt ákvæði er að finna í norskum og dönskum höfundalögum. Með ákvæðinu er heimiluð upptaka verka sem send eru út í hljóðvarpi og sjónvarpi ef til staðar er samningur sem uppfyllir skilyrði a-liðar 15. gr. frumvarpsins. Slíkar upptökur má aðeins nýta í þágu blindra, sjónskertra og heyrnarlausra. Sú heimild sem ákvæðið veitir gildir fyrir stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga og aðrar stofnanir sem starfa í

almannabágu, til nota innan viðkomandi stofnanna. Ekki er áskilið að um opinbera stofnun sé að ræða en stofnanir sem reknar eru í hagnaðarskyni falla þó utan ákvæðisins. Jafnframt heimild til upptöku felur ákvæðið í sér heimild til dreifingar eintaka til einstaklinga er falla undir ákvæðið.

#### Um 11. gr.

Hér eru aðallega lagðar til breytingar á orðalagi 23. gr. laganna vegna breytinga á ákvæðum um sammingsákvæði, sbr. 11.-13. gr. frumvarpsins. Einnig er lagt til að fellt verði niður hið lögbundna innheimtuumboð sem er að finna í gildandi 3. mgr. 23. gr. laganna og þess í stað tekin upp sammingskvöð, sbr. 2. másl. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Í 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins er lögð til takmörkun á gildissviði sammingskvaðaákvæðisins vegna sendinga í gegnum gervihnött. Í 3. mgr. er fjallað um rétt útvarpsstöðva til eintakagerðar á útsendu efni sínu sem áður var að finna í 5. mgr. gildandi 23. gr. höfundalaga.

Þá er lagt til að fellt verði niður ákvæði um gjaldskrár sem nú er að finna í 4. mgr. 23. gr. höfundalaga. Þau afnot sem réttthafasamtök innheimta fyrir eru annað hvort á grundvelli samninga sem þau hafa umboð til að semja um endurgjald fyrir eða samkvæmt sammingskvaðaákvæðum eða afnotakvaðaákvæðum, sbr. 16., 17., 3. mgr. 19., 20. og 21. gr. gildandi laga. Ef ekki næst samkomulag um endurgjald vegna sammingskvaðaleyfa þá á ný grein við, þ.e. c-liður 15. gr. frumvarpsins (sem lagt er til að verði 26. gr. c. í lögnum), en einnig má leita til úrskurðarnefndar skv. 57. gr. höfundalaga, sbr. 15. og 22. gr. frumvarpsins. Sömuleiðis á ágreiningur um endurgjald vegna afnotakvaða við undir úrskurðarnefnd skv. 57. gr. laganna.

Ekki er talið þörf á að hafa sérstakt ákvæði um heimild ráðherra til að setja reglugerð um efni nýrrar 23. gr. umfram það sem kemur fram í 3. mgr.

#### Um 1. mgr.

Með 1. mgr. er sú breyting lögð til að efni 1. mgr. 23. gr. gildandi laga um hvernig staðið skuli að samningum um sammingskvaðaleyfi og réttaráhrif þeirra færast í nýja almenna grein um sammingskvaðir, 26. gr. a., sbr. a-lið 15. gr. frumvarpsins. Í stað orðalags núverandi 1. mgr. 23. gr. verði eingöngu í ákvæðinu að finna sammingskvöð sem heimili útvarpsstöðvum að senda út verk á grundvelli samninga um sammingskvaðaleyfi. Bæði er átt við útsendingu hljóðvarps og sjónvarps, sbr. 6. mgr. 2. gr. gildandi laga. Jafnframt er lagt til í 1. mgr. að framvegis verði á sama hátt heimilt að semja um annan opinberan flutning verka, sem ekki felur í sér miðlun efnis í skilningi 1. tölul. 4. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 1. tölul. 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins með sammingskvaðaáhrifum, t.d. við skemmtistaði eða verslunareiganda eða annarra. Rök þess eru að um mikil not séu að ræða og ótilgreind þannig að illmögulegt er að semja við hvern og einn réttthafa til að fá leyfi til slíks flutnings. Kemur þessi viðbót í stað lögbundins innheimtuumboðs sem nú er að finna í 3. mgr. gildandi 23. gr. Lagt er til að ákvæði 1. mgr. 11. gr. taki aðeins til útgefina verka en í núverandi ákvæði 1. mgr. 23. gr. er ekki að finna slíka afmörkun. Varðandi útgefni verk vísast til skilgreiningar í 2. mgr. 2. gr. höfundalaga og 2. gr. þessa frumvarps. Að öðru leyti er lagt til að ákvæðið taki til allra tegunda höfundaréttarvarinna verka en ekki bara bókmennta- eða tónverka eins og er skv. gildandi ákvæði. Sammingskvöðin mun þó, eins og áður ekki taka til leiksviðsverka eða kvikmynda, sbr. 3. másl. 1. mgr. Venjan er að samið er við réttthafa leiksviðverka og kvikmynda sérstaklega og ekki ætlunin að breyta því. Þá er ekki er talin ástæða til að viðhalda takmörkunum á umfangi þess efnis sem sent verður út á grundvelli sammingskvaðar í 1. mgr. 23. gr. eins og gert er í 2. mgr. 23. gr. gildandi laga, að öðru leyti en sem kveðið er á um í 3. másl. 1. mgr., heldur geta réttthafasamtökin samið við útvarpsstöðvar eða aðra notendur um slíka takmörkun ef þörf er á. Þetta er í samræmi höfundalög annarra Norðurlandarákja. Höfundar, eða aðrir réttthafar, sem ekki

eru félagsmenn í réttthafasamtökunum, geta lagt bann við að útvarpsstöðvar eða aðrir sem ákvæðið tekur til sendi út eða flytji verk þeirra. Um slíkt bann er nánar fjallað í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins og vísast til þeirrar umfjöllunar.

Með 2. mgr. er bætt við þeirri takmörkun að ekki megi semja um samningskvaðaleyfi um útvarpssendingar í gegnum gervihnött nema sendingin fari samtímis fram í gegnum sendi á jörðu niðri. Er sú takmörkun í samræmi við 2. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 93/83/EBE frá 27. september 1993 um samræmingu á tilteknum reglum varðandi höfundarétt og réttindi tengd höfundarétti vegna útsendingar um gervihnött og endurvarps um kapal, en sú tilskipun fellur undir EES samninginn.

Í 3. mgr. er ákvæði sem er að meginstefnu til að finna í núverandi 5. mgr. 23. gr. með breyttu og einfölduðu orðalagi. Ekki þykir ástæða til að binda heimild útvarpsstöðva til að gera eintök af útsendum verkum við bráðabirgðaeintök ef þær hafa á annað borð heimild til að senda verkin út. Hins vegar er kveðið á um að slík eintök séu einungis til eigin nota útvarpsstöðvarinnar í sinni innri starfsemi en ekki til að gera þau aðgengileg almenningi. Önnur not útvarpsstöðva af slíkum eintökum þurfa að fara eftir ákvæðum höfundalaga. Ef ráðherra nýtir heimild til að setja nánari reglugerð um efni þessa ákvæðis er eðlilegt að við gerð slíkrar reglugerðar verði höfð hliðsjón af gildandi samningum og venjum um þessi atriði, eins og kveðið er á um í gildandi 5. gr. 23. gr. laganna.

#### Um 12. gr.

Hér er ekki um efnislega breytingu að ræða frá gildandi lögum heldur er lagt til að ákvæði 23. gr. a. er varða skilyrði fyrir samningskvaðaleyfi, falli niður en í stað þess taki við tilvísun til almenns ákvæðis sem verður 26. gr. a. í lögnum, sbr. a-lið 15. gr. frumvarpsins. Þá er lagt til að afnotakvöð um endurvarp um kapalkerfi sem tekur til færri samtengdra íbúða en 25 í fjöleignarhúsi eða nærliggjandi húsnum, verði afdnumin. Slíkrar heimildar er ekki lengur þörf vegna tæknibreytinga. Einnig er tekið fram, í samræmi við ákvæði 10. gr. tilskipunar ráðsins 93/83/EBE um samræmingu á tilteknum reglum varðandi höfundarétt og réttindi tengd höfundarétti vegna útsendingar um gervihnött og endurvarps um kapal, að samningskvöðin taki ekki til réttinda útvarpsstöðva vegna eigin útsendinga.

Ekki er lagt til að hafa sérstakt ákvæði hér um hvernig fari skuli með ágreiningsmál um leyfisveitingar skv. þessari grein. Þess í stað er lagt til í 13. gr. frumvarpsins að samningsaðilar skv. þessu ákvæði geti farið fram á sáttameðferð. Í 4. mgr. c-liðar 15. gr. frumvarpsins er að finna sérákvæði um að ef deila varðar endurvarp um kapalkerfi skv. þessu ákvæði verður litið svo á að tillaga sáttasemjara um lausn sé samþykkt ef enginn mótmælir henni innan þriggja mánaða. Er það í samræmi við 3. mgr. 11. gr. tilskipunar um gervihnatta- og kapalsendingar. Þá er jafnframt lagt til í 19. gr. frumvarpsins að ágreining um samninga á grundvelli þessa ákvæðis megi leggja fyrir úrskurðarnefnd skv. 57. gr. laganna.

Rétt þykir að benda á að utan gildissviðs ákvæðisins fellur endurvarp þar sem hljóðvarps- eða sjónvarpsmerkis er aflað beint frá upphaflegum útsendingaraðila í gegnum dulritað fjarskiptasamband. Í slíkum tilvikum eiga réttthafar ekki kröfu til endurgjalds vegna endurvarpsins.

#### Um 13. gr.

Tilgangur ákvæðisins er að auðvelda útvarpsstöðvum uppgjör við réttthafa þegar veittur er aðgangur að áður útsendu efni úr safni þess t.d. eftir pöntun (e. on-demand), með því að það er gert aðgengilegt á netinu, eða þegar um endurútsendingu er að ræða. Miðað er við útvarpsstöðvar, sbr. 6. mgr. 2. gr. gildandi laga, sem heimild hafa til hljóð- og myndmiðlunar samkvæmt 16. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011. Í einhverjum

tilvikum hafa rétthafasamtök samið við útvarps- og sjónvarpsstöðvar um að gera efni aðgengilegt á veraldarvefnum en í fæstum tilvikum virðist sem þeir samningar feli í sér heimild til notkunar á eldra efni, hvort sem er á vefnum eða með hefðbundnum útsendingum. Rökin að baki þessu ákvæði eru þau að fyrir tilkomu netsins gátu útvarpsstöðvar ekki séð fyrir möguleg síðari not áður útsendar dagskrár með þeim hætti að efnið yrði gert aðgengilegt á netinu eða með ólínulegri hljóð- og myndmiðlun (hljóð- og myndmiðlaþjónustu eftir þöntun, e. video on demand, VOD) og hafa því ekki gætt þess að afla sér réttinda til slíkrar endurnýtingar. Útvarpsstöðvar hafa svo verið misjafnlega vakandi fyrir því að gera ráð fyrir þessum möguleika í samningum. Þó algengara sé orðið að samið sé um birtingu efnis á veraldarvefnum virðist enn ekki vera samið um endurnot eldra efnis með endurútsendingum og á netinu. Af þessum sökum er nauðsynlegt að endursemjja sérstaklega við rétthafa sem áttu hlut að máli í hverju tilviki ef útvarpsstöð vil endurútsenda eða gera eldra efni aðgengilegt á netinu. Það er hins vegar íþyngjandi og tímafrekt verkefni, vegna fjölda rétthafa og sökum þess að réttindi hafa í mörgum tilvikum gengið til erfingja. Norrænu útvarpsstöðvarnar lögðu því til, þegar um síðustu aldamót, að komið væri á fyrirkomulagi með samningskvöðum sem heimiluðu aðgengi með þöntunarþjónustu, á netinu og endurútsendingu áður útsends efnis sem tæki til allra viðkomandi rétthafa, þ.m.t. listflytjenda og framleiðenda hljóðs og mynda. Þetta hefur þegar verið gert í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Fyrirkomulag er byggist á samningum um samningskvaðaleyfi, þ.e. samningum á milli útvarpsstöðva og þar til berra rétthafasamtaka sem nær jafnframt til rétthafa utan rétthafasamtakanna verður að teljast vænleg leið til að einfalda uppgjör réttindamála varðandi endurnýtingu útsends efnis útvarpsstofnanna. Mikilvægt er út frá menningarlegum hagsmunum að hægt sé að endurnýta eldra efni útvarpsstofnanna, bæði Ríkisútvarpsins og einkarekinna útvarpsstöðva. Með hliðsjón af framanrituðu er hér lagt til að með nýju ákvæði, sem verður 23. gr. b., verði innleitt nýtt samningskvaðaákvæði fyrir endurútsendingu og rafræna miðlun verka úr safni útvarpsstöðva með heimild til útvarpsreksturs skv. 16. gr. fjölmiðlalaga, sem send hafa verið út fyrir gildistöku laganna og teljast til eigin framleiðslu þeirra.

Rétt þykir að miða heimild ákvæðisins við verk sem send eru út fyrir gildistöku laga þessara, sbr. 24. gr. frumvarpsins, því þó að einhverjir samningar séu nú fyrir hendi þá er það enn ekki aðalreglan og því ljóst að réttur útvarpsstöðva til endurnýtingar efnis er óljós. Telja verður að frá og með gildistöku laganna eigi öllum aðilum að vera ljós nauðsyn þess að semja um endurnot og heimild til að gera efni aðgengilegt á veraldarvefnum og því ekki þörf á sérstöku samningskvaðaákvæði í því skyni fyrir framtíðarnotkun. Um endurútsendingar og aðra notkun efnis sem sent er út eftir gildistöku laganna, ef frumvarpið verður að lögum, verður því að semja á einstaklingsgrundvelli við þá rétthafa sem ekki hafa gefið rétthafasamtökum eða öðrum rétt til að semja um réttindi sín að þessu leyti. Til að tryggja víðtækt gildissvið samningskvaðaleyfa í framangreindum tilvikum er lagt til að uppgjör réttinda taki ekki aðeins til höfunda, heldur taki ákvæðið einnig til annarra rétthafa, svo sem listflytjenda, hljóð- og myndframleiðenda, framleiðenda ljósmynda, framleiðenda safnverka og gagnagrunna, sbr. tilvísunarákvæði í 16. og 18. gr. frumvarpsins og almenna tilvísun í II. kafla í 49. og 50. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. felst að útvarpsstöðvum verður heimilt, að fullnægðum skilyrðum a-liðar 15. gr. frumvarpsins (sem lagt er til að verði 26. gr. a. í lögnum), um samningskvaðaleyfi, að nota verk úr safni sínu til endurútsendingar og að gera þau aðgengileg með þeim hætti, að hver og einn geti fengið aðgang að verkunum á þeim stað og á þeirri stundu, sem hann sjálfur kys, sbr. síðari hluta 1. tölul. 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins (sem lagt er til að verði 1. tölul. 4. mgr. 2. gr. í lögnum), t.d. með rafrænni miðlun eftir þöntun. Jafnframt felst í ákvæðinu heimild til nauðsynlegrar eintakagerðar sem af þessu leiðir,

þ.e. vegna útsendingar og rafrænnar miðlunar. Í a-lið 15. gr. frumvarpsins (sem lagt er til að verði 26. gr. a. í lögnum) felst að útvarpsstöð þarf að gera samning um framangreind afnot við þar til bær samtök réttthafa, sem koma fram fyrir hönd verulegs hluta höfunda tiltekinna tegunda verka, sem notuð eru hér á landi. Með sammingskvaðaleyfinu fæst heimild til að nýta önnur verk sömu tegundar eftir höfunda sem ekki eru félagsmenn í viðkomandi réttthafasamtökum, með sömu skilmálum og heimilt er að nýta verk félagsmanna. Framangreind nýtingarheimild samkvæmt samningum um sammingskvaðaleyfi kann að vera háð takmörkunum í samræmi við ákvæði einstakra eldri samninga sem útvarpsstöðvar hafa gert við réttthafa vegna framleiðslu til útsendingar um síðari birtingarrétt og endursýningarrétt áður útsends efnis. Nýtingarheimild ákvæðisins er bundin við endurnýtingu útsendra verka með endurútsendingum og með því að gera efni aðgengilegt eftir pöntun, t.d. með miðlun um netið. Önnur not falla ekki undir ákvæðið, t.d. útgáfa mynddiska með áður útsendu efni eða kynningarefni vegna útsendinga. Um slík not verður eftir sem áður að semja sérstaklega. Ákvæðið tekur til allra birtra verka, þ.m.t. sviðsuppfærslna og kvikmynda, svo framarlega sem þau teljast eigin framleiðsla útvarpsstöðvarinnar. Áskilið er að efni úr safni útvarpsstöðvar sem notað er samkvæmt heimildinni hafi áður verið sent út af viðkomandi útvarpsstöð. Utan heimildar samkvæmt ákvæðinu er hins vegar efni sem undirbúið hefur verið til útsendingar hjá útvarpsstöð en aldrei sent út. Með „eigin framleiðslu“ í 2. málsli. 1. mgr. er ekki aðeins átt við framleiðslu sem útvarpsstöð hefur sjálf staðið að, heldur jafnframt framleiðslu sem unnin hefur verið fyrir viðkomandi útvarpsstöð til útsendingar dagskrár en ávallt að því tilskyldu að útvarpsstöðin beri fjárhagslega ábyrgð af framleiðslunni og eigi allan rétt að viðkomandi verki, gagnvart framleiðanda þeim sem unnið hefur verið fyrir viðkomandi útvarpsstöð. Ákvæði 1. málsli. 1. mgr. veitir jafnframt heimild til eintakagerðar að uppfylltum greindum skilyrðum, vegna þeirra eintaka sem nauðsynleg eru til þess að gera verk úr safni útvarpsstöðva aðgengileg í gegnum pöntunarþjónustu, t.d. í gegnum netið. Ákvæðið tekur ekki til eintakagerðar samkvæmt gildandi 5. mgr. 23. gr. höfundalaga, sbr. 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Eins og áður greinir tekur heimild ákvæðisins eingöngu til eigin framleiðslu útvarpsstöðva sem send hefur verið út fyrir gildistöku laganna. Fyrir efni sem sent er út eftir þann tíma verða útvarpsstöðvar að semja sérstaklega um þau not sem ákvæðið tekur til og munu slíkir samningar eingöngu binda þá sem að slíkum samningum standa en ekki hafa sammingskvaðaáhrif.

Ákvæði 2. mgr. veitir einstökum höfundum, sem eru utan viðkomandi réttthafasamtaka, rétt til að banna notkun verka sinna með þeim hætti er greinir í 1. mgr. Um slíkt bann er nánar fjallað í athugasemdum við 11. gr. frumvarpsins og vísast til þeirrar umfjöllunar.

Um 14. gr.

Hér er lagt til að sjö af átta málsliðum 2. mgr. 25. gr. laganna falli niður til samræmis við breytingar sem lagðar eru til á 1. mgr. 23. gr. og 3. mgr. 14. gr. laganna í 7. gr. frumvarpsins, sbr. athugasemdir við 7. og 11. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

Um a-lið (26. gr. a.)

Ákvæðið felur aðallega í sér breytingu í framsetningu og vísast til almennra athugasemda í greinargerð með frumvarpinu um tilgang hennar. Lagt er til í 1. mgr. að almennt ákvæði um hvernig sammingskvaðaleyfi á grundvelli sammingskvaða verði veitt komi í stað afmarkaðra ákvæða gildandi laga um beitingu slíkra heimilda í einstökum tilvikum. Í 2. mgr. er svo lagt til að auk sérstakra sammingskvaðaheimilda í II. kafla sé

heimilað að gera sambærilegan samning í ótilgreindum en afmörkuðum tilvikum, nokkurs konar almenn samningskvaðaheimild. Skilyrði fyrir beitingu slíkrar almennrar samningskvaðar er að finna í 2. og 3. mgr. Að lokum er að finna í 4. mgr. ákvæði um viðurkenningu og skilyrði fyrir slíkri viðurkenningu til réttthafasamtaka sem samið geta um not verka með samningskvaðaáhrifum.

Í 1. mgr. er skilgreint hvað felst í hugtakinu samningskvaðaleyfi. Það er heimild sem notendur fá á grundvelli samnings við réttthafasamtök, sem uppfylla skilyrði 4. mgr. sömu greinar, til að nota verk utanfélagsmanna á sama hátt og verk félagsmanna samtakanna á grundvelli samningsins. Í 1. mgr. ákvæðisins er vísað til einstakra ákvæða um samningskvaðir. Þannig er vísað til 12. gr. b. um bókasöfn; 3. mgr. 14. gr. vegna endurbirtingar listaverka í almennu fræðsluefni, gagnrýni eða vegna vísindalegrar umfjöllunar; 1. mgr. 18. gr. varðandi eintakagerð stofnana, samtaka og fyrirtækja; 4. mgr. 19. gr. varðandi heimild fyrir stofnanir til að gera eintök af upptökum útsendinga hljóðvarps og sjónvarps til nota fyrir blinda, sjónskerta og heyrnarlausla; 1. mgr. 23. gr. varðandi útsendingar útvarpsstöðva og opinberan flutning utan útvarps, annan en þann sem felur í sér miðlun efnis í skilningi 1. tölul. 4. mgr. 2. gr laganna; 1. mgr. 23. gr. a. varðandi endurvarp um kapalkerfi og 1. mgr. 23. gr. b. varðandi heimild útvarpsstöðva til að endurnýta áður útsent efni. Þá er í 1. mgr. mælt fyrir um í hvaða verk og í hvaða mæli notendur mega nýta verk utanfélagsmanna á grundvelli samningskvaðaleyfis. Að uppfylltum þeim skilyrðum sem greinir í ákvæðinu er þeim sem byggja á samningskvaðaleyfi heimilt að nota sambærileg verk utanfélagsmanna á sama hátt og í sama mæli og kveðið er á í samningnum um not af verkum félagsmanna. Við mat á því hvaða verk séu sambærileg verður fyrst og fremst að líta til efnis samningsins sem hefur samningskvaðaáhrif. Ef samningurinn kveður t.d. á um not menntastofnunnar af kennslubókum þá nær samningskvaðaheimildin einungis til bóka sem sérstaklega eru gefnar út sem slíkar en ekki allra bóka.

Með 2. mgr. er lagt til að einnig verði heimilt að gera samninga er veita samningskvaðaleyfi er taka til afmarkaðs og vel skilgreinds sviðs, sem fellur utan þeirra tilvika sem tilgreind eru í 1. mgr. Ástæða þess að lagt er til að tekið verði upp slíkt almennt samningskvaðaákvæði er að með tilkomu netsins og þeim nýju miðlunarmöguleikum sem það býður uppá er ljóst að um fleiri og fleiri tilvik getur verið að ræða þar sem nauðsyn er á einföldum leiðum til að semja um víðtæka notkun, t.d. innan safna vegna varðveislu og miðlunar menningararfsins, án þess að til þurfi að koma til lagasetning í hvert sinn. Ákvæðið getur einnig verið grundvöllur samningskvaðaleyfa umfram þær sérstöku heimildir til samninga með samningskvaðaáhrifum sem er að finna í II. kafla gildandi laga með þeim breytingum sem á þeim verða ef frumvarpið verður lögfest. Ekki þykir rétt að binda þessa almennu heimild við útgefið efni. Varðveisla og miðlun menningararfsins tekur til að mynda oft til efnis innan safna sem erfitt er að sannreyna hvort hafi verið gefið út, svo sem ljósmyndir. Ekki er heldur gerð krafa um að verk hafi verið birt, sbr. 3. mgr. gildandi laga. Skjöl úr einkaskjalasöfnum sem afhent eru söfnum til varðveislu eru oft hvorki birt né útgefin. Oft er kveðið á um í afhendingarsamningi með einkaskjalasöfnum um meðferð slíkra óbirtra skjala og ganga þá slík skilyrði framar samningskvaðaleyfi. Almenn gildir að eldri samningar sem réttthafar kunna að hafa gert áður en samningur um samningskvaðaleyfi ganga framar samningskvöðinni. Hins vegar er jafnframt rétt að hafa í huga að almenna samningskvaðaheimildin getur verið til fyllingar eldri samningum, t.d. sem útgefendur hafa gert við höfundu og sem taka ekki til nýrra notkunarmöguleika vegna breytts tæknistigs. Fyrsta skilyrðið til að hægt sé að semja um samningskvaðaleyfi á grundvelli þessarar almennu heimildar er að andlagið, þ.e. þau verk sem samningskvaðaleyfið tekur til, sé vel afmarkað og skilgreint. Annað skilyrðið er að illmögulegt sé að semja um ætlaða notkun á einstaklingsgrundvelli, t.d. þegar um er að ræða mikla notkun fjölda

verka margra réttþafa, í öðrum tilvikum en þeim sem hinar sérstöku samningskvaðaheimildir í II. kafla taka til. Ekki er þó ætlast til að viðsemjendur þurfi að sanna að reynt hafi verið að semja á einstaklingsgrundvelli en mistekist, heldur er nóg að ljóst sé að um svið sé að ræða sem illgerlegt er vegna umfangs og kostnaðar að ná til allra réttþafa í þeim tilgangi að semja við þá hvern um sig. Að lokum er það skilyrði að samningur um samningskvaðaleyfi á grundvelli þessa ákvæðis sé ávallt skriflegur og í honum sé skýrt tekið fram að honum sé ætlað að veita samningskvaðaleyfi, þ.e. að hann sé bindandi bæði fyrir félagsmenn réttþafasamtakanna og höfunda verka á sama afmarkaða og tilgreinda sviðinu sem eru utan samtakanna.

Tekið er fram í 3. mgr að hafi höfundur sem ekki er félagsmaður í réttþafasamtökum, lagt bann við því að verk hans séu notuð á grundvelli samningskvaðaleyfis nái samningskvaðaleyfið ekki til verka hans. Um slíkt bann er nánar fjallað í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins og vísast til þeirrar umfjöllunar.

Í 4. mgr. er fjallað um viðurkenningu höfundaréttarsamtaka er koma fram fyrir hönd félagsmanna sinna vegna samninga sem samningskvaðaleyfi byggist á. Viðurkenning vegna almenna samningskvaðaákvæðisins í 2. mgr. tekur til hvers sviðs, þ.e. er veitt fyrir það afmarkaða og skilgreinda svið. Þau skilyrði sem réttþafasamtök þurfa að uppfylla til að geta samið um hagnýtingu verka með samningskvaðaáhrifum eru að þau hafi umboð til að semja um nýtingu verka á tilteknu sviði frá verulegum hluta höfunda og annarra réttþafa á því sviði. Við mat á því hvað sé verulegur hluti höfunda ber ekki eingöngu að líta til fjölda félagsmanna heldur einnig t.d. til þess að hve miklu leyti samtökin eru með umboð frá réttþöfum þeirra verka sem mest eru notuð hér á landi. Mikilvægt atriði í tillöggunni, vegna aðildar Íslands að EES samningnum, er að ekki er vísað til íslenskra höfunda eða réttþafa, eins og nú er gert t.d. í 1. mgr. 23. gr. laganna, heldur vísað til höfunda almennt án tillits til þjóðernis. Gert ráð fyrir í lokamálsl. 4. mgr. að ráðherra setji nánari reglur um málsmeðferð vegna viðurkenningar þeirra samtaka sem nefnd eru í 1. og 2. mgr. a-liðar 15. gr. frumvarpsins auk 2. mgr. 47. gr. gildandi laga, sem er afnotakvaðaákvæði en ekki samningskvaðaákvæði. Áréttu ber að hluti af málsmeðferðareglunum eru ákvæði um mögulega endurskoðun viðurkenningar. Kemur það ákvæði í stað sambærilegs ákvæðis í gildandi lögum í 53. gr. a. um þau réttþafasamtök sem heimild hafa til samninga á grundvelli gildandi samningskvaðaákvæða. Vísast til nánari umfjöllunar um ákvæðið í frumvarpi því er varð að lögum nr. 93/2010, sbr. umfjöllun um 9. gr. þeirra laga.

Um b-lið (26. gr. b.)

Hér er að finna sameiginleg ákvæði um hvernig staðið skuli að þóknun fyrir utanfélagsmenn sem samningskvaðaleyfi skv. a-lið 15. gr. frumvarpsins (sem lagt er til að verði 26. gr. a. í lögunum), hvernig staðið skuli að kröfum réttþafasamtaka gagnvart notendum vegna samningskvaðaleyfis á grundvelli 23. gr. a., sbr. 12. gr. frumvarpsins, og að lokum ákvæði um fyrningarfresti fyrir þær kröfur og þá aðila sem greinin tekur til. Ákvæðið á ekki við um félagsmenn réttþafasamtaka þar sem þeir eru skv. veittu umboði bundnir af ákvæðum réttþafasamtakanna um úthlutunarreglur.

Með 1. mgr. er mælt fyrir um ákvörðun þóknunar til utanfélagsmanna vegna hagnýtingar verka þeirra á grundvelli samninga um samningskvaðaleyfi við þar til bær réttþafasamtök. Samkvæmt ákvæðinu er meginreglan að höfundar utan samtakanna skuli sæta meðferð eftir reglum samtakanna eins og um félagsmenn væri að ræða varðandi skiptingu þóknunar. Regla þessi á að tryggja það að utanfélagsmönnum verði ekki mismunað gagnvart félagsmönnum. Er þá gengið út frá því að reglur samtakanna kveði á um skiptingu þóknunar eftir notkun verka, þannig að úthlutun fari fram á einstaklingsgrundvelli. Ekki er þó girt fyrir að um heildarúthlutun geti verið að ræða, t.a.m. í formi styrkja til félagsmanna á grundvelli umsókna. Er þá gert ráð fyrir því að

hlutaðeigandi utanfélagsmenn eigi þess kost að sækja sinn hluta þóknunar í formi styrkja á grundvelli umsókna, sbr. einnig athugasemdir við 2. mgr.

Með 2. mgr. er mælt fyrir um að höfundar sem eru utanfélagsmenn geti krafist einstaklingsbundinnar þóknunar, án tillits til samninga rétthafasamtakanna um samningskvaðaleyfi eða samþykktu þeirra. Ákvæðið felur í sér undantekningu frá meginreglu 1. mgr. og tryggir að utanfélagsmenn geti ætíð fengið einstaklingsbundna greiðslu fyrir not verka sinna á grundvelli samningskvaðaleyfis, einnig þegar samningur eða úthlutunarreglur rétthafasamtaka miðast við heildarúthlutun í formi styrkja til höfunda eða annars konar heildarráðstöfun endurgjalds frá notanda. Kröfu utanfélagsmanns um einstaklingsbundna greiðslu skal beint til rétthafasamtakanna. Rökin fyrir þessu eru að hagræði notenda af samningskvaðaleyfi felst einkum í því að semja við og greiða þóknun til eins aðila fyrir alla notkun. Gera verður þá kröfu til rétthafasamtaka að þau reyni eftir megni að finna þá höfunda sem rétt eiga á einstaklingsbundinni þóknun til að greiða þeim. Ef reglur samtakanna kveða hins vegar á um heildarúthlutun þóknana, er ekki ætlast til að mögulegum einstaklingsbundnum þóknunum til utanfélagsmanna sé að frumkvæði samtakanna haldið aðskildum, heldur er gert ráð fyrir að utanfélagsmenn hafi sjálfir frumkvæði að því að krefjast einstaklingsbundinnar úthlutunar og færi sönnur á notkun verka sinna. Hvað slík sönnun felur í sér verður að meta eftir efni og aðstæðum hverju sinni.

Með 3. mgr. er sett fram krafa um að samningar sem samningskvaðaleyfi skuli birtir á þann hátt að utanfélagsmenn hafi tök á að koma fram með kröfu um þóknun, hvort sem er einstaklingsbundna úthlutun skv. 2. mgr. eða almenna þóknun skv. 1. mgr. Slík birting gæti t.d. verið á heimasíðu rétthafasamtakanna.

Með 4. mgr. er kveðið á um að kröfur samtaka rétthafa um þóknun úr hendi notenda á grundvelli samningskvaðaleyfis sem samið er um samkvæmt heimild í 12. gr. frumvarpsins (23. gr. a. í lögunum, verði frumvarpið að lögum), skuli gerðar allar á sama tíma. Felur það í sér að krafa um þóknun sé gerð í einu lagi, t.d. eftir notkun m.v. ákvæðið tímabil. Þetta helgast af því að samningar um endurvarp í gegnum kapalkerfi eru yfirleitt við fleiri en ein rétthafasamtök eða sameiginleg samtök tveggja eða fleiri rétthafasamtaka, sbr. 4. mgr. a-liðar 15. gr. frumvarpsins (sem lagt er til að verði 4. mgr. 26. gr. a. í lögunum), og þetta ákvæði því til hagræðingar fyrir notendur, þ.e. fyrirvarsaðila kapalkerfa.

5. mgr. felur í sér sérreglu um fyrningu krafna sem stofnast á grundvelli samninga um samningskvaðaleyfi. Fyrningarfrestur er fjögur ár frá því að hagnýting átti sér stað og tekur bæði til krafna rétthafasamtaka á hendur notendum skv. samningi um samningskvaðaleyfi og til krafna utanfélagsmanna rétthafasamtaka vegna greiðslna á grundvelli samningskvaðaleyfis sem binda þá. Fyrningarfrestur er sá sami og almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda, sbr. 3. laga um fyrningu kröfuréttinda, nr. 150/2007. Til að fyrningarfresturinn skv. þessu ákvæði rofni er nægilegt að fram komi skrifleg krafa um greiðslu og hefst þá nýr fjögurra ára fyrningarfrestur. Ekki er því þörf á málshöfðun til að fyrningarfrestur rofni.

Um kröfur félagsmanna rétthafasamtakanna á hendur samtökunum gilda almennar reglur um fyrningu nema annað sé ákvæðið í samþykktum rétthafasamtakanna sem þeir tilheyrja.

Um c-lið (26. gr. c.)

Hér er mælt fyrir um sáttameðferð þegar samningar með heimild í ákvæðum sem vísað er til í 1. mgr. a-liðar 15. gr. frumvarpsins (sem lagt er til að verði 1. mgr. 26. gr. a. í lögunum) takast ekki á milli notenda og þar til bærra rétthafasamtaka. Hvor aðila um sig getur farið fram á sáttameðferð eftir ákvæðinu. Heimildin á við um öll þau tilvik sem tiltekin eru í frumvarpinu að undanskilinni almennu samningskvöðinni sem lögð er til að

verði lögfest í 2. mgr. a-liðar 15. gr. frumvarpsins (sem lagt er til að verði 2. mgr. 26. gr. a. í lögnum). Í því tilviki hefur löggjafinn ekki á sama hátt og varðandi hin sérstöku samningskvaðaákvæði tekið afstöðu til þess að nauðsynlegt sé að samningskvaðaleyfi sé til staðar á viðkomandi sviði og því þykir ekki rétt að skylda aðila til sáttumleitana á sama hátt og vegna hinna sérstöku samningskvaðaákvæða. Heimild til sáttameðferðar er hér tekin upp að fyrirmynd 52. gr. dönsku höfundalaganna. Komi fram krafa um sáttameðferð er gagnaðilanum skylt að hlíta því. Vald sáttasemjara er þó aðeins bundið við heimild til að bera sáttatillögu undir ákvörðunarbærar stofnanir samningsaðila, auk heimildar til að framlengja tímabundið gildistíma fyrri samnings á milli aðila, meðan á sáttumleitunum stendur.

Skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins er að samningar takist ekki. Í því felst ekki áskilnaður um að samningaumleitunum hafi verið slitið af hálfu annars hvors eða beggja samningsaðila. Nægilegt telst t.d. að annar hvor samningsaðila færi rök fyrir því að ekki sé nægilegur framgangur í samningaumleitunum. Gert er ráð fyrir að sáttasemjari leggi til grundvallar lausnir beggja aðila við mótun tillagna sinna til lausnar á deilu aðila. Ef deilumálið varðar endurvarp um kapalckerfi skv. 23. gr. a. í lögnum er lagt til að litid verði svo á að tillaga sáttasemjara sé samþykkt ef enginn mótmælir henni innan þriggja mánaða. Er þetta ákvæði í samræmi við 3. mgr. 11. gr. tilskipunar ráðsins 93/83/EBE um samræmingu á tilteknum reglum varðandi höfundarétt og réttindi tengd höfundarétti vegna útsendingar um gervihnött og endurvarps um kapal.

Í 7. mgr. er gert ráð fyrir heimild ráðherra til að setja ákvæði um kostnað vegna starfa sáttasemjara.

Ákvæðið kemur ekki í stað 57. gr. í gildandi höfundalögum sem kveður á um að þriggja manna úrskurðarnefnd geti kveðið um fjárhæð þóknunar m.a. vegna sérstöku samningskvaðaákvæðanna sem talin eru upp í 1. mgr. a-liðar 15. gr. frumvarpsins (sem lagt er til að verði 1. mgr. 26. gr. a. í lögnum), heldur geta aðilar ákveðið hvora leiðina þeir velja ef upp kemur ágreiningur um upphæð þóknunar. Ef frumvarpið verður að lögum verður einnig heimilt að leggja önnur ágreiningsatriði en upphæð þóknunar vegna samningskvaðaákvæða undir úrskurðarnefnd skv. 57. gr. í lögnum, sbr. 22. gr. frumvarpsins. Aðilum er einnig heimilt að fara báðar leiðir, fyrst sáttaleið og síðan leita til úrskurðarnefndar, sem þarf þá ekki að leita satta á milli aðila. Helsti munur á milli þessara tveggja leiða er í fyrsta lagi að úrskurðarnefndin kveður eingöngu á um fjárhæð endurgjalds, skv. gildandi lögum, á meðan sáttameðferð samkvæmt þessari grein getur tekið til allra atriða samnings. Ef frumvarpið verður að lögum þá mun úrskurðarnefnd skv. 57. gr. laganna hins vegar einnig geta tekið til allra atriða samnings með samningskvaðaáhrifum. Í öðru lagi getur úrskurðarnefndin komist að niðurstöðu sem er bindandi fyrir aðila.

#### Um 16. gr.

Hér er lagt til að í tilvísunarákvæði 3. mgr. 45. gr. í höfundalögum um hvaða ákvæði gilda um upptöku, eftirgerð og dreifingu lisflutnings verði bætt tilvísunum, ýmist vegna breytinga sem lagðar eru til í þessu frumvarpi eða vegna eldri breytinga en sem farist hefur fyrir að vísa til í ákvæðinu.

Tilvísun í 2. gr. laganna er lítillaga breytt vegna orðalagsbreytinga á greininni sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins. Að öðru leyti er tilvísun í önnur ákvæði I. kafla laganna óbreytt, þ.e. vísað er í 4. gr. laganna um sæmdarrétt, 7. gr. laganna um samhöfunda og löglíkindareglu 8. gr. laganna eins og áður.

Lagt er til að ákvæði 10. gr. a. í lögnum um skammtíma eða tilfallandi eintakagerð taki til listflutnings. Einnig er lagt til að til viðbótar við tilvísun í 1. mgr. 11. gr. í lögnum verði vísað í 3. tölul. 2. mgr. sömu lagagreinar um að eftirgerð verndaðra tónverka og bókmenntaverka til einkanota sé ekki heimil ef hún er gerð með aðstoð

aðila sem taka slíka eftirgerð að sér í atvinnuskyni þannig að hún taki líka til réttinda listflytjenda.

Vegna tillögu í 6. gr. frumvarpsins um samningskvöð til handa söfnum sem falla undir 1 mgr. 12. gr. í lögunum til að semja um samningskvaðaleyfi vegna útgefinna verka er hér lagt til að vísað verði til þess ákvæðis, þ.e. 12. gr. b., þannig að það taki einnig til listflutnings. Áfram verður vísað í 12. gr. og 12. gr. a.

Þá er áfram vísað í tilvitnunarákvæði 1. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 15. gr. í lögunum um takmörkun á einkarétti höfundar vegna þar til greindra heimilda til tilvitnana og kynningar. Til viðbótar er lagt til að vísað verði til 3. mgr. 14. gr. í lögunum um samningskvöð vegna endurbirtingar listaverka, sbr. 7. gr. frumvarpsins og 4. mgr. 15. gr. í lögunum um stutt myndskreið sem varða almenning sem útvarpsstöðvum er heimilt að senda út á grundvelli 4. mgr. 48. gr. í lögunum.

Rétt þykir að í 3. mgr. 45. gr. höfundalaga sé vísað til 17. gr. um heimild til að birta í safnverkum bókmenntaverk, tónverk, myndverk eða verk sem njóta verndar skv. 3. mgr. 1. gr. gildandi laga sem nota á við kennslu eða guðspjónustu.

Þá er lagt til að vísað verði til nýrrar 18. gr. í lögunum, sbr. 9. gr. frumvarpsins, um heimild stofnana, fyrirtækja og samtaka til að gera eintök af útgefnum verkum til notkunar innan starfsemi sinnar á grundvelli heildarleyfis.

Einnig er lagt til að vísað verði í 1., 2. og 4. mgr. 19. gr. laganna um heimild til eintakagerðar fyrir fatlaða einstaklinga til að ljóst sé að sú takmörkun eigi einnig við um listflytjendur. Ákvæði 4. mgr. 19. gr. í lögunum, sbr. 10. gr. frumvarpsins, tekur til samningskvaðaleyfis til mynd- eða hljóðupptöku af útvarpsefni.

Lagt er til að áfram verði í 3. mgr. 45. gr. í lögunum vísað til 21. gr. um takmörkun vegna opinbers flutnings í fræðslustarfsemi, á góðgerðarsamkomum, á almennum mannfagnaði, í kynningar á menntun og menningu eða annarri starfsemi til almannaheilla sem ekki er í fjárhagsskyni svo og vegna opinbers flutnings verka við guðspjónustu eða aðrar kirkjulegar embættisathafnir. Því til viðbótar er lagt til að vísað verði í 22. gr. og 22. gr. a. í lögunum um takmarkanir á höfundarétti vegna opinberrar umræðu og opinberrar upplýsingaskyldu.

Lagt er til að vísað verði í samningskvaðaákvæði 1. mgr. 23. gr., 2. mgr. 23. gr. í lögunum um nánari afmörkun samningskvaðaákvæðis 1. og 3. mgr. 23. gr. í lögunum um upptökur útvarpsstöðva á eigin útsendingum, sbr. 11. gr. frumvarpsins og 23. gr. a. í lögunum um takmarkanir vegna endurvarps um kapalckerfi, sbr. 12. gr. frumvarpsins, sem og 13. gr. frumvarpsins (sem lagt er til að verði 23. gr. b. í lögunum) um heimild útvarpsstöðva til endurútsendinga eigin verka á grundvelli samningskvaðaleyfis.

Þá er líkt og í gildandi ákvæði lagt til að vísað verði í 24. gr. laganna um tæmingu réttinda og 26. gr. laganna um að gæta skuli sæmdarréttar samkvæmt 4. gr. laganna vegna nota sem byggjast á takmörkunum í II. kafla. Þá tekur tilvísunin einnig til nýrra ákvæða í 15. gr. frumvarpsins (sem lagt er til að verði 26. gr. a. – c.) um samningskvaðaleyfi, sbr. 6. – 14. gr. frumvarpsins og almennra ákvæða um aðilaskipti að höfundarétti sem er að finna í 27. – 31. gr. laganna.

Áfram er lagt til að vísað verði í 3. mgr. 41. gr. laganna um rétt höfundar til þóknunar vegna útleigu kvikmyndaverks og 53. gr. laganna um sæmdarrétt vegna verka sem ekki njóta höfundaverndar.

Þá er að lokum lagt til að vísað verði í 57. gr. laganna um úrskurðarnefnd vegna ágreinings um þóknun í þar tilgreindum tilvikum.

Um 17. gr.

Hér er lagt til að sérstakt ákvæði um endurvarp listflutnings um kapalckerfi falli niður en í þess stað kemur tilvísun í 3. mgr. 45. gr. laganna til 23. gr. a. eins og lagt er til að henni verði breytt með 12. gr. frumvarpsins. Þannig er gert ráð fyrir því að

leyfisveitingar vegna endurvarps listflutnings fari fram á grundvelli samninga um samningskvaðaleyfi, sbr. 26. gr. a.

Um 18. gr.

Hér er lagt til að í tilvísunarákvæði 2. mgr. 46. gr. í lögunum um hvaða ákvæði gilda um eftirgerð og dreifingu á myndritum og hljóðritum verði bætt tilvísunum, ýmist vegna breytinga sem lagðar eru til í þessu frumvarpi eða vegna eldri breytinga en sem farist hefur fyrir að vísa til í ákvæðinu.

Tilvísun í 2. gr. laganna er lítillaga breytt vegna orðalagsbreytinga á greininni sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins. Að öðru leyti er tilvísun í önnur ákvæði I. kafla laganna óbreytt, þ.e. vísað er í 7. gr. laganna um samhöfunda og löglíkindareglu 8. gr. laganna eins og áður.

Lagt er til að ákvæði 10. gr. a. í lögunum um skammtíma eða tilfallandi eintakagerð taki til réttar framleiðanda skv. 46. gr. Einnig er lagt til að til viðbótar við tilvísun í 1. mgr. 11. gr. verði vísað í 3. tölul. 2. mgr. 11. gr. laganna um að eftirgerð verndaðra tónverka og bókmenntaverka til einkanota sé ekki heimil ef hún er gerð með aðstoð aðila sem taka slíka eftirgerð að sér í atvinnuskyni þannig að hún taki líka til réttar framleiðanda.

Vegna tillögu í 2. gr. frumvarpsins um samningskvöð til handa söfnum sem falla undir 1. mgr. 12. gr. til að semja um samningskvaðaleyfi vegna útgefna verka er hér lagt til að vísað verði til þess ákvæðis, þ.e. 12. gr. b., þannig að það taki einnig til réttar framleiðanda skv. 46. gr. laganna. Áfram verður vísað í 12. gr. og 12. gr. a. í lögunum.

Þá er áfram vísað í tilvitnunarákvæði 1. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 15. gr. í lögunum um takmörkun á einkarétti höfundar vegna þar til greindra heimilda til tilvitnana og kynningar. Til viðbótar er lagt til að vísað verði til 3. mgr. 14. gr. í lögunum um samningskvöð vegna endurbirtingar listaverka, sbr. 3. gr. frumvarpsins og 4. mgr. 15. gr. í lögunum um stutt myndskreið sem varða almenning sem útvarpsstöðvum er heimilt að senda út á grundvelli 4. mgr. 48. gr.

Rétt þykir að í 2. mgr. 46. gr. sé vísað til 17. gr. laganna um heimild til að birta í safnverkum bókmenntaverk, tónverk, myndverk eða verk sem njóta verndar skv. 3. mgr. 1. gr. gildandi laga sem nota á við kennslu eða guðspjónustu.

Þá er lagt til að vísað verði til nýrrar 18. gr., sbr. 9. gr. frumvarpsins, um heimild stofnanna, fyrirtækja og samtaka til að gera eintök af útgefnum verkum til notkunar innan starfsemi sinnar á grundvelli samningskvaðaleyfis.

Einnig er lagt til að vísað verði í 1., 2. og 4. mgr. 19. gr. laganna um heimild til eintakagerðar fyrir fatlaða einstaklinga til að ljóst sé að sú takmörkun eigi einnig við gagnvart framleiðendum. Ákvæði 4. mgr. 19. gr. laganna, sbr. 6. gr. frumvarpsins, tekur til samningskvaðaleyfis til mynd- eða hljóðupptöku af útvarpsefni.

Lagt er til að í 2. mgr. 46. gr. laganna verði vísað til 21. gr. um takmörkun vegna opinbers flutnings við fræðslustarfsemi, á góðgerðarsamkomum, til almenns mannfagnaðar, fyrir kynningu á menntun og menningu eða til almannaheilla sem ekki er í fjárhagsskyni og svo vegna opinbers flutnings verka við guðspjónustu eða aðrar kirkjulegar embættisathafnir. Því til viðbótar er lagt til að vísað verði í 22. gr. og 22. gr. a. í lögunum um takmarkanir á höfundarétti vegna opinberrar umræðu og opinberrar upplýsingaskyldu.

Lagt er til að vísað verði í samningskvaðaákvæði 23. gr. b. um heimild útvarpsstöðva til endurútsendinga eigin verka á grundvelli samningskvaðaleyfis, sbr. 13. gr. frumvarpsins.

Þá er eins og er í gildandi ákvæði lagt til að vísað verði í 24. gr. í lögunum um tæmingu réttinda en einnig að vísað verði í 3. mgr. 26. gr. í lögunum um að ekki megi gera breytingar umfram það sem nauðsynlegt er vegna nota sem byggjast á

takmörkunum í II. kafla. Þá tekur tilvísunin einnig til nýrra ákvæða í 15. gr. frumvarpsins (sem lagt er til að verði greinar 26. a.- c.) um sammingskvaðaleyfi, sbr. 11. – 13. gr. frumvarpsins. Þá er að lokum lagt til að vísað verði í 57. gr. laganna um úrskurðarnefnd vegna ágreinings um þóknun í þar tilgreindum tilvikum.

#### Um 19. gr.

Lagt er til að breyta orðalagi 2. mgr. til að samræma hana orðanotkun á öðrum stöðum varðandi samtök réttshafa, þ.e. samtök réttshafa voru oft áður nefnd innheimtusamtök en þar sem eðli þeirra er víðtækar en það sem snýr að innheimtu þykir réttar að nefna þau samtök réttshafa sem í þessu tilviki eru samtök framleiðenda og listflytjenda.

Tillagðar breytingar á 3. mgr. 47. gr. í lögnum lúta í fyrsta lagi að því að samræma orðalag um flutning utan útvarps við ákvæði gildandi 1. mgr. um að afnotakvöð sem þar er að finna um flutning hljóðrita. Samkvæmt 2. másl. 1. mgr. tekur sú afnotakvöð ekki til miðlunar hljóðrita sem í því felst að hljóðrit er gert aðgengilegt með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kýs. Þessi afnotakvöð er endurspegluð í orðalagi 3. mgr. varðandi heimild réttshafasamtaka til að setja gjaldskrá um flutning utan útvarps. Hér er lagt til að undirstrikað verði að heimildin til að setja gjaldskrá nái ekki til flutnings sem feli í sér miðlun í skilningi 1. tölul. 4. mgr. 2. gr. laganna, sbr. tillagðar breytingar á 2. gr. gildandi laga í 1. gr. frumvarpsins. Þá er lagt til að fella niður ákvæði um að gjaldskrár réttshafasamtaka skv. þessari málsgrein skuli háðar samþykki ráðuneytisins, enda geta aðilar skotið ágreiningi um upphæð þóknunar til úrskurðarnefndar skv. 57. gr. í lögnum.

Lagt er til að fella niður tilvísanir sem nú er að finna í 4. mgr. 47. gr. í lögnum til annarra ákvæða höfundalaga þar sem þær er að finna í 45. og 46. gr. höfundalaga, sbr. 14. og 16. gr. frumvarpsins og því ekki þörf á þeim í þessu ákvæði. Eftir sem áður er tekið fram í málsgreininni að ákvæði greinarinnar taki ekki til myndrita, þ.e. kvikmynda, myndbanda og annarra hreyfimynda.

#### Um 20. gr.

Hér er lagt til að í tilvísunarákvæði 3. mgr. 48. gr. í lögnum um hvaða ákvæði gilda um rétt útvarpsstofnanna verði bætt tilvísunum, ýmist vegna breytinga sem lagðar eru til í þessu frumvarpi eða vegna eldri breytinga en sem farist hefur fyrir að vísa til í ákvæðinu.

Tilvísun í 2. gr. laganna og löglíkindareglu 8. gr. í lögnum er ný en eðlilegt þykir að þeim ákvæðum sé beitt eftir því sem við á.

Lagt er til að ákvæði 10. gr. a. í lögnum um skammtíma eða tilfallandi eintakagerð taki til réttis útvarpsstofnanna skv. 48. gr. Einnig er lagt til að til viðbótar við tilvísun í 1. mgr. 11. gr. verði vísað í 3. tölul. 2. mgr. 11. gr. í lögnum þess efnis að eftirgerð verndaðra tónverka og bókmenntaverka til einkanota sé ekki heimil ef hún er gerð með aðstoð aðila sem taka slíka eftirgerð að sér í atvinnuskyni þannig að hún taki líka til réttar útvarpsstofnanna.

Vegna tillögu í 6. gr. frumvarpsins um sammingskvöð til handa söfnum sem falla undir 1. mgr. 12. gr. í lögnum til að semja um sammingskvaðaleyfi vegna útgefninga verka er hér lagt til að vísað verði til þess ákvæðis, þ.e. 12. gr. b., þannig að það taki einnig til réttar útvarpsstofnanna skv. 48. gr. Áfram verður vísað í 12. gr. og 12. gr. a. í lögnum.

Þá er áfram vísað í tilvitnunarákvæði 1. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 15. gr. laganna um takmörkun á einkarétti höfundar vegna þar til greindra heimilda til tilvitnana og kynningar. Til viðbótar er lagt til að vísað verði til 3. mgr. 14. gr. laganna um

samningskvöð vegna endurbirtingar listaverka, sbr. 3. gr. frumvarpsins og 4. mgr. 15. gr. laganna um stutt myndskeið sem varða almenning sem útvarpsstöðvum er heimilt að senda út á grundvelli 4. mgr. 48. gr.

Rétt þykir að í 3. mgr. 48. gr. í lögnum sé vísað til 17. gr. um heimild til að birta í safnverkum bókmenntaverk, tónverk, myndverk eða verk sem njóta verndar skv. 3. mgr. 1. gr. gildandi laga sem nota á við kennslu eða guðsþjónustu.

Þá er lagt til að vísað verði til nýrrar 18. gr., sbr. 9. gr. frumvarpsins, um heimild stofnana, fyrirtækja og samtaka til að gera eintök af útgefnum verkum til notkunar innan starfsemi sinnar á grundvelli samningskvaðaleyfis.

Einnig er lagt til að vísað verði í 1., 2. og 4. mgr. 19. gr. laganna um heimild til eintakagerðar fyrir fatlaða einstaklinga til að ljóst sé að sú takmörkun eigi einnig við um rétt útvarpsstofnanna.

Lagt er til að í 3. mgr. 48. gr. vísi til 21. gr. laganna um takmörkun vegna opinbers flutnings í fræðslustarfsemi, á góðgerðarsamkomum, á almennum mannfagnaði, við kynningu á menntun og menningu eða í annarri starfsemi til almannaheilla sem ekki er í fjárhagsskyni og svo vegna opinbers flutnings verka við guðþjónustu eða aðrar kirkjulegar embættisathafnir. Því til viðbótar er lagt til að vísað verði í 22. gr. og 22. gr. a. í lögnum um takmarkanir á höfundarétti vegna opinberrar umræðu og opinberrar upplýsingaskyldu.

Að lokum er lagt til að vísað verði í 24. gr. í lögnum um tæmingu réttinda og einnig að vísað verði í 3. mgr. 26. gr. um að ekki megi gera breytingar umfram það sem nauðsynlegt er vegna nota sem byggjast á takmörkunum í II. kafla.

#### Um 21. gr.

Hér er lagt til að 53. gr. a. í lögnum verði felld niður þar sem frumvarpið felur í sér tillögu um að efni hennar, að breyttum breytanda, verði framvegis í 5. mgr. 26. gr. a., sbr. 5. mgr. a-liðar 15. gr. frumvarpsins.

#### Um 22. gr.

Hér er lagt til að ákvæði 1. másl. 57. gr. í lögnum verði breytt vegna breytinga sem leiða af þessu frumvarpi og verði jafnframt 1. mgr. 57. gr. Í frumvarpinu er lagt til að sett verði ákvæði um sáttameðferð þegar samningar um samningskvaðaleyfi á grundvelli ákvæða sem vísað er til í 1. mgr. nýrrar greinar 26. a. nást ekki, sbr. 13. gr. frumvarpsins. Þrátt fyrir þessu nýju sáttaleið þykir rétt að úrskurðarnefnd geti áfram úrskurðað um fjárhæð endurgjalds vegna hinna sérstöku samningskvaða sem vísað er til í 1. mgr. nýrrar greinar 26. gr. a., sbr. a-lið 15. gr. frumvarpsins. Helgast það af því að sáttasemjari getur ekki tekið bindandi ákvörðun ef sáttaumleitan ber ekki árangur á meðan niðurstaða úrskurðarnefndar er bindandi. Hins vegar er ekki talið rétt að úrskurðarvald nefndarinnar taki til almennu samningskvaðarinnar í 2. mgr. 26. gr. a., sbr. 2. mgr. a-liðar 15. gr. frumvarpsins, þar sem í því tilviki hefur löggjafinn ekki á sama hátt og varðandi hin sérstöku samningskvaðaákvæði tekið afstöðu til þess að nauðsynlegt sé að samningskvaðaheimild sé til staðar á viðkomandi sviði. Rétt þykir hins vegar að nefndin geti úrskurðað um upphæð einstaklingsbundinnar þóknunar, sem reynir á eftir að samningar hafa tekist, sbr. b-lið 15. gr. frumvarpsins (sem lagt er til að verði 26. b í lögnum), og því er tilvísun í þá grein bætt við þá upptalningu sem er að finna í 1. mgr. 57. gr. laganna.

Þá er einnig lagt til að úrskurðarnefndin geti kveðið á um önnur ágreiningsatriði er varða samningskvaðir, aðrar en almennu samningskvöðina, á sömu forsendum og að ofan greinir.

Í 2. mgr. er kveðið á um að úrskurðir nefndarinnar séu stjórnarfarsleg fullnaðarúrlausn um ágreiningsefnið og því ekki hægt að bera þá undir æðra stjórnvald

heldur verður að fara með niðurstöðuna fyrir dómstóla ef aðilar eru ekki sáttir við niðurstöðu úrskurðar.

Um 23. gr.

Í 1. mgr. er eingöngu um orðalagsbreytingu að ræða vegna ákvæðis 4. mgr. a-liðar 15. gr. frumvarpsins sem lagt er til að komi í stað ákvæða um löggildingu réttshafasamtaka sem nú er kveðið á um í 23. gr. og 23. gr. a. í gildandi lögum.

Ákvæði 2. mgr. 59. gr. a. um lögbann gegn athöfnum milliliða var lögfest með lögum nr. 93/2010. Tilgangur 2. mgr. ákvæðisins er fyrst og fremst að eyða mögulegum vafa um hvort lögbanni verði beint gegn fjarskiptafyrirtækjum vegna miðlunar, skyndivistunar og hýsingar gagna í þeim tilvikum þegar um er að ræða meint brot þjónustuþega á ákvæðum höfundalaga, sbr. nánar í athugasemdum í greinargerð með lagafrumvarpi sem varð að lögum nr. 93/2010. Eftir gildistöku laga nr. 93/2010 hafa komið fram ábendingar um að hagsmuna þjónustuþega sé ekki nægilega gætt við málsmeðferð kröfu um lögbann við því að fjarskiptafyrirtæki miðli gögnum frá tiltekinni vefsíðu. Með ákvæði 2. mgr. 24. gr. í þessu frumvarpi er leitast við að veita fyrirvarsmanni vefsíðu sem lögbannskrafa beinist að aðild að lögbannsmálinu í því skyni að gæta hagsmuna sinna, eins og heimilt er almennt í lögbannsmálum skv. 14. gr. laga nr. 31/1990, eftir því sem við verður komið. Frumforsenda fyrir því að slíkur þriðji aðili geti gætt hagsmuna sinna í lögbannsmáli er að honum berist vitneskja um fyrirtöku þess og niðurstöðu. Fáir hann í hendur tilkynningu um fyrirtöku lögbannsmáls sem beinist að þjónustu sem hann veitir getur hann tekið upplýsta ákvörðun um að neyta réttar síns skv. 14. gr. laga nr. 31/1990 eða með því að óska eftir meðalgöngu í staðfestingarmáli á lögbannsgerð sem höfðað er fyrir dómstólum, sbr. 20. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Þess ber þó að gæta að oft liggur ekki fyrir hver er fyrirvarsmáður vefsíðu eða hvar hann sé að finna og því ekki unnt að uppfylla kröfu um tilkynningarskyldu til viðkomandi. Af þeim sökum er fyrirvari settur um að aðgerðir samkvæmt ákvæðinu skuli gerðar eftir því sem við verður komið.

Um 24. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

*Fjármála- og efnahagsráðuneyti,  
fjárlagaskrifstofa:*

## Samanburður á ákvæðum frumvarpsins og gildandi laga

Gildandi lög

### I. kafli. Réttindi höfunda o.fl.

2. gr. Það er eintakagerð, þegar hugverk (bókmenntaverk eða listaverk) er tengt hlutum, einum eða fleiri.

Verk telst gefið út, þegar eintök af því eru með rétttri heimild og í álitserðum fjölda boðin opinberlega til sölu, láns eða leigu eða þeim er dreift til almennings með öðrum hætti. Nú er vernd verks háð því, að það hafi fyrst verið gefið út hér á landi, og telst því skilyrði þá fullnægt, ef það er gefið hér út innan 30 daga frá því, að það kom fyrst út erlendis.

Verk telst birt, þegar það er með rétttri heimild flutt eða sýnt opinberlega eða eintök af því hafa verið gefin út, eins og segir í 2. mgr.

Það telst sjálfstæð opinber birting, þegar útvarpsflutningi á tónlist eða bókmenntaverki er dreift til almennings með hátalara eða á annan hátt.

Nú er verk flutt eða sýnt á atvinnustöðvum, þar sem 10 menn vinna eða fleiri, og telst það þá opinber birting.

Þegar rætt er í lögum þessum um flutning verks eða birtingu í útvarpi, nær það bæði til hljóðvarps og sjónvarps, nema annars sé getið.

3. gr. Höfundur hefur einkarétt til að gera eintök af verki sínu og til að birta það í upphaflegri mynd eða breyttri, í þýðingu og öðrum aðlögunum.

6. gr. Þegar verk eða hlutar af verkum höfunda, eins eða fleiri, eru tekin upp í safnverk, sem í sjálfu sér má telja til bókmennta eða lista, hefur sá, sem safnverkið gerði, höfundarétt að því. Ekki raskar réttur hans höfundarétti að þeim verkum, sem í safnverkið eru tekin.

Ákvæði 1. mgr. taka ekki til blaða og tímarita, sbr. 40. gr.

Ákvæði 1. mgr. taka til gagnagrunna að því er tekur til niðurröðunar og samsetningar þeirra að fullnægðum almennum skilyrðum fyrir

Breyting, verði frumvarpið að lögum

### I. kafli. Réttindi höfunda o.fl.

2. gr. Með þeim takmörkunum sem í lögum þessum greinir hefur höfundur einkarétt til að gera eintök af verki sínu og til að gera það aðgengilegt almenningi í upphaflegri eða breyttri mynd, í þýðingu eða annarri aðlögun, í annarri tegund bókmennta eða lista eða með annarri tækni.

Eintakagerð telst sérhver bein eða óbein, tímabundin eða varanleg gerð eintaks af verki, í heild eða af hluta þess, með hvaða aðferðum sem er og í hvaða formi sem er. Það telst meðal annars eintakagerð ef verk er flutt yfir á miðil, sem nota má til endurniðlunar.

Verk telst gert aðgengilegt almenningi, þegar

1. eintök af því eru boðin til sölu, leigu eða láns eða er dreift til almennings með öðrum hætti,
2. eintök af því eru sýnd opinberlega eða
3. verkið er flutt opinberlega.

Það telst vera opinber flutningur í skilningi 3. tölul. 3. mgr. þegar:

1. verki er miðlað til almennings um þráð eða þráðlaust, þ.á m. þegar það er sent út í útvarpi eða gert aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn getur fengið aðgang að verkinu á þeim stað, á þeirri stundu og með þeim búnaði er hann sjálfur kys,

2. verk er flutt á atvinnustöðvum fyrir stóran hóp manna, sem endranær er talinn vera lokaður hópur eða

3. útvarpsflutningur á tónlist eða bókmenntaverki er gerður aðgengilegur almenningi á þann hátt að honum er endurvarpað með hátalara eða á annan sambærilegan hátt í rými sem er opið almenningi.

Flutningur verks í útvarpi nær bæði til hljóðvarps og sjónvarps nema annars sé getið.

3. gr. Verk telst birt þegar það hefur verið gert aðgengilegt almenningi með lögætum hætti.

Verk telst gefið út, þegar eintök af því hafa með rétttri heimild verið boðin opinberlega til sölu, láns eða leigu eða þeim dreift til almennings með öðrum hætti.

6. gr. Þegar verk eða hlutar af verkum höfunda, eins eða fleiri, eru tekin upp í safnverk, sem í sjálfu sér má telja til bókmennta eða lista, hefur sá, sem safnverkið gerði, höfundarétt að því. Ekki raskar réttur hans höfundarétti að þeim verkum, sem í safnverkið eru tekin.

Ákvæði 1. mgr. taka ekki til blaða og tímarita, sbr. 40. gr.

[úrfelling]

[úrfelling]

höfundaréttarlegri vernd. Ekki raskar sá réttur höfundarétti að verkum sem gagnagrunnurinn kann að geyma. Þá raskar hann eigi að heldur samhliða rétti framleiðenda skv. 50. gr.

Með gagnagrunni í skilningi laga þessara, sbr. 3. mgr. þessarar greinar og 50. gr., er átt við safn sjálfstæðra verka, upplýsinga eða annarra efnisatriða sem komið er fyrir með skipulegum eða kerfisbundnum hætti og eru aðgengileg með rafrænum hætti eða öðrum aðferðum. Tölvuforrit sem notað er við gerð eða rekstur gagnagrunns og aðgangur er veittur að með rafrænum hætti telst ekki til gagnagrunns í skilningi laga þessara.

...

10. gr. Mynstur njóta verndar sem nytjalist, enda fullnægi þau skilyrðum um notagildi og listræn einkenni.

II. kafli. Takmarkanir á höfundarétti.

...

14. gr. Heimil er tilvitnun í birt bókmenntaverk, þar á meðal leiksviðsverk, svo og birt kvikmyndaverk og tónverk, ef hún er gerð í sambandi við gagnrýni, vísindi, almenna kynningu eða í öðrum viðurkenndum tilgangi, enda sé hún gerð innan hæfilegra marka og rétt með efni farið.

Með sömu skilyrðum er heimilt að birta myndir og teikningar af birtum listaverkum og gögnum, sem getið er í 3. mgr. 1. gr., enda sé ekki um fjárhagslegan tilgang að ræða.

Nú eru birtar myndir eða teikningar af tveimur verkum eða fleiri hins sama höfundar í sambandi við meginmál, sem lýtur að almennri kynningu, og á hann þá rétt til þóknunar.

...

15. gr. a. Þeim sem aflað hefur sér heimildar til ljósritunar eða hliðstæðrar eftirgerðar verka til afnota í starfsemi sinni með samningum við samtök höfundaréttarfélaganna sem annast hagsmunagæslu fyrir verulegan hluta íslenskra höfunda á því sviði og hlotið til þess lögformlega viðurkenningu ráðuneytisins skal einnig heimilt, án sérstaks leyfis höfundar hverju sinni, að fjölfalda verk hans með sama hætti þótt höfundur sé ekki félagi í samtökunum. Hver einstakur höfundur getur lagt skriflegt bann við fjölföldun verka sinna samkvæmt þessari málsgrein.

Höfundaréttarsamtökum skv. 1. mgr. skulu settar samþykktir í samvinnu við ráðuneytið og þær vera háðar staðfestingu þess. Samtökin skulu auk

...

10. gr. Nú er verk er lög þessi taka til eða hlutar þess skráð sem hönnun samkvæmt lögum nr. 46/2001 og útilokar það ekki samhliða höfundavernd.

II. kafli. Takmarkanir á höfundarétti og umsýsla höfundaréttar á grundvelli sammingskvaða.

...

12. gr. b. Söfn sem falla undir 1. mgr. 12. gr. hafa heimild til að gera eintök af birtum verkum í safni sínu og gera þau aðgengileg almenningsi að fullnægðum skilyrðum um sammingskvaðaleyfi í 26. gr. a.

...

14. gr. Heimil er tilvitnun í birt bókmenntaverk, þar á meðal leiksviðsverk, svo og birt kvikmyndaverk og tónverk, ef hún er gerð í sambandi við gagnrýni, vísindi, almenna kynningu eða í öðrum viðurkenndum tilgangi, enda sé hún gerð innan hæfilegra marka og rétt með efni farið.

Með sömu skilyrðum er heimilt að birta myndir og teikningar af birtum listaverkum og gögnum, sem getið er í 3. mgr. 1. gr., enda sé ekki um fjárhagslegan tilgang að ræða.

*Heimilt er að endurbirta listaverk í almennu fræðsluefni, í sambandi við gagnrýni og við vísindalega umfjöllun, þótt í fjárhagslegum tilgangi sé, enda sé fullnægt skilyrðum um sammingskvaðaleyfi samkvæmt 26. gr. a. Þetta gildir þó ekki, ef höfundur hefur bannað sammingsaðila slíka notkun verks.*

...

[úrfelling]

samningsaðildar hafa rétt til almennrar innheimtu gjalda fyrir fjölföldun, einnig fyrir þá höfunda sem standa utan þeirra. Skal í samþykktum samtakanna kveðið á um ráðstöfun tekna vegna fjölföldunar og skulu höfundar, er standa utan þeirra, njóta sama réttar til endurgjalds fyrir afnot verka sinna og félagsmenn.

Höfundaréttarsamtök skv. 1. mgr. ábyrgjast allar kröfur sem fram kunna að koma frá handhöfum höfundaréttar sem ekki eru félagar í samtökunum og réttmætt tilkall eiga til greiðslu fyrir fjölföldun og verða slíkar kröfur aðeins gerðar á hendur samtökunum. Kröfur samkvæmt þessari málsgrein fyrnast á fjórum árum eftir að fjölföldun með rétttri heimild var framkvæmd. Ágreiningi um kröfur skal ráðið til lykta af úrskurðarnefnd skv. 57. gr.

Ráðherra setur nánari reglur<sup>3)</sup> um framkvæmd þessarar greinar. Í reglum þessum má m.a. mæla fyrir um að ákvæði greinarinnar skuli, eftir því sem við á, einnig taka til gerðar véllæsilegra eintaka af útgefnum verkum til afnota í tölvuböndum.

3)Rgl. 420/2012.

...  
18. gr. Fræðslumálastjórninni er heimilt að láta fara fram innan opinberra skóla upptöku birtra verka á hljóðrit til bráðabirgðanotkunar við kennslu. Ekki má nota hljóðritin í öðru skyni.

Ákvæði 1. mgr. veitir ekki rétt til beinnar upptöku eftir hljómplötum eða öðrum hljóðritum, sem framleidd eru til markaðssölu.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar, þar á meðal um notkun og varðveislu umræddra hljóðrita.

19. gr. Heimil er eftirgerð og dreifing eintaka af verkum sem út hafa verið gefin þegar slík eintök eru sérstaklega ætluð til nota fyrir blinda, sjónskerta, heyrnarlaus, lestrarhamlaða eða aðra þá sem eru ófærir um að nýta sér venjulegt prentað mál til lestrar. Ákvæði þetta gildir ekki ef eftirgerðin eða dreifingin fer fram í fjárhagslegum tilgangi.

Heimildin í 1. mgr. gildir ekki um eftirgerð hljóðupptöku.

Heimilt er með hljóðupptöku að gera eintök af bókmenntaverkum til þess að lána þau blindum, sjónskertum, lestrarhömluðum og öðrum sem ófærir eru um að nýta sér venjulegt prentað mál til lestrar, enda séu eintökin ekki gerð í fjárhagslegum tilgangi. Höfundar eiga rétt á sanngjörnum bótum vegna slíkrar eintakagerðar.

...  
18. gr. *Heimilt er opinberum eða einkareknum stofnunum, samtökum og atvinnufyrirtækjum að gera eða láta gera til notkunar innan starfsemi sinnar eintök af útgefnum verkum, sem og með upptöku að gera eintök af verkum, sem send eru út í hljóðvarpi eða sjónvarpi eða gerð aðgengileg í dreifikerfi fjölmiðlaveitu með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kys, enda sé fullnægt skilyrðum um samningskvaðaleyfi samkvæmt 26. gr. a. Þetta gildir þó ekki ef höfundur hefur bannað samningsaðila slíka notkun verks.*

*Ákvæði 1. mgr. gildir hvorki um kvikmyndaverk, sem gerð eru til sýninga í kvikmyndahúsum þó þau hafi verið send út í sjónvarpi, nema því aðeins að um sé að ræða stutt brot úr verkinu, né um forrit á stafrænu formi.*

*Eintök sem gerð eru með heimild í 1. mgr. má einungis nota til eigin starfsemi innan þeirrar stofnunar, samtaka eða fyrirtækis, sem samningur af því tagi, sem gert er ráð fyrir í 26. gr. a. tekur til.*

19. gr. Heimil er eftirgerð og dreifing eintaka af verkum sem út hafa verið gefin þegar slík eintök eru sérstaklega ætluð til nota fyrir blinda, sjónskerta, heyrnarlaus, lestrarhamlaða eða aðra þá sem eru ófærir um að nýta sér venjulegt prentað mál til lestrar. Ákvæði þetta gildir ekki ef eftirgerðin eða dreifingin fer fram í fjárhagslegum tilgangi.

Heimildin í 1. mgr. gildir ekki um eftirgerð hljóðupptöku.

Heimilt er með hljóðupptöku að gera eintök af bókmenntaverkum til þess að lána þau blindum, sjónskertum, lestrarhömluðum og öðrum sem ófærir eru um að nýta sér venjulegt prentað mál til lestrar, enda séu eintökin ekki gerð í fjárhagslegum tilgangi. Höfundar eiga rétt á sanngjörnum bótum vegna slíkrar eintakagerðar.

*Heimilt er stofnunum á vegum ríkis og*

sveitarfélaga og öðrum stofnunum, sem starfa í almannabágu og ekki í fjárhagslegum tilgangi, að gera með mynd- eða hljóðupptöku eintök af verkum, sem hljóðvarpað er eða sjónvarpað eða gerð aðgengileg í dreifikerfi fjölmiðlaveitu með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kys, til nota fyrir blinda, sjónskerta og heyrnarlausa, enda sé fullnægt skilyrðum um sammingskvaðaleyfi eftir 26. gr. a. Þess háttar upptökur má aðeins nota innan stofnunar, sem samningur tekur til, sbr. 26. gr. a.

23. gr. Þegar útlagsstjóð hefur aflað sér heimilda til útsendinga verka með samningum við höfundaréttarsamtök sem annast samningsgerð um flutningsrétt á bókmenntaverkum eða tónverkum eða sérstökum greinum þeirra fyrir verulegan hluta íslenskra höfunda og hlotið til þeirrar hagsmunagæslu lögformlega viðurkenningu ráðuneytisins skal einnig heimilt án sérstaks leyfis höfunda hverju sinni að útvarpa verkum hliðstæðrar gerðar þótt höfundur sé ekki félagi í samtökum. Aðeins einum félagssamtökum í hverri grein bókmennta eða tónlistar verður veitt slík réttargæsluáætl. Höfundar, er standa utan samtakanna, skulu njóta sama réttar til endurgjalds fyrir afnot verka sinna og félagsmenn.

Flutningsheimild útvarpsstöðva skv. 1. mgr. tekur þó einungis til smærri verka, svo sem einstakra kvæða, smásagna, ritgerða, kafla úr stærri verkum, einstakra laga og tónverka ef smá eru, svo og kafla úr stærri verkum. Þá gilda framangreindar reglur um samningsgerð ekki um leiksviðsverk né heldur um verk er höfundur hefur lagt skriflegt bann við flutningi þeirra í útvarpi.

Höfundaréttarsamtök, sem hlotið hafa lögformlega viðurkenningu<sup>2)</sup> skv. 1. mgr., skulu hafa rétt til almennrar innheimtu gjalda fyrir flutningsrétt, einnig fyrir þá höfunda sem standa utan samtakanna, enda hafi þau áður aflað sér umtalsverðra innheimtuumboða frá slíkum höfundum.

Höfundaréttarsamtökum skv. 1. mgr. skal einnig heimilt að setja gjaldskrá um flutning verka utan útvarps. Slíkar gjaldskrár skulu háðar samþykki ráðuneytisins.

Þegar útvarpsstofnun er heimilt að útvarpa verki er henni frjálts bráðabirgðaupptaka þeirra á hljóðrit eða myndrit til sjálfs sín nota, en ekki í öðru skyni. Til varanlegrar geymdar og endurtekinna nota skal afla heimilda frá viðkomandi höfundasamtökum. Nánari reglur um upptöku verka, geymd þeirra og not skal setja í reglugerð og skal við setningu hennar höfð hliðsjón af samningum þeim sem tíðkast hefur að gera við höfundaréttarsamtökin um þessi atriði og venjur sem skapast hafa hér að lútandi.

Ráðherra getur sett frekari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

2) Samþ. 215/1996.

23. gr. Útlagsstöðvum er heimilt að senda út útgefni verk enda sé fullnægt skilyrðum um sammingskvaðaleyfi samkvæmt 26. gr. a. Hið sama á við um opinberan flutning annarra aðila á útgefnum verkum, enda feli slíkur flutningur ekki í sér miðlun efnis í skilningi 1. tölul. 4. mgr. 2. gr. laganna. Þetta á þó ekki við um leiksviðsverk, kvikmyndir eða verk sem höfundur hefur lagt bann við að séu flutt í útvarpi eða annars staðar.

Akvæði 1. mgr. tekur ekki til sendinga útvarpsstöðva í gegnum gervihnött nema sendingin fari samtímis fram í gegnum sendi á jörðu niðri.

Þegar útvarpsstofnun er heimilt að útvarpa verki er henni frjálts upptaka þeirra á hljóðrit eða myndrit til eigin nota í sinni innri starfsemi. Nánari reglur um upptöku verka, varðveislu þeirra og not útvarpsstofnanna má setja í reglugerð.

23. gr. a. Verki, sem er löglega útvarpað beint eða um gervihnött, má endurvarpa til almennings um kapalkerfi óbreyttu og samtímis hinni upphaflegu útsendingu, að því tilskildu að sá sem ber ábyrgð á endurvarpinu hafi aflað sér heimildar til þess með samningum við samtök sem annast réttargæslu fyrir verulegan hluta íslenskra höfunda á sviði viðkomandi verks og hlotið til þess lögformlega viðurkenningu ráðuneytisins skv. 23. gr. Höfundar er standa utan samtakanna skulu njóta sama réttar til endurgjalds fyrir afnot verka sinna og félagsmenn, sbr. 1. og 3. mgr. 23. gr. Endurvarp um kapalkerfi, sem tekur til færri samtengdra íbúða en 25 í fjöleignarhúsi eða nærlægum húsum, er þó heimilt án leyfis eða endurgjalds til höfundar.

Náist ekki samkomulag um leyfisveitingu skv. 1. mgr. eða um skilyrði fyrir henni, þar á meðal um fjárhæð bóknunar, getur hvor aðili um sig skotið því ágreiningsefni til sáttameðferðar hjá úrskurðarnefnd skv. 57. gr. Ráðuneytið getur sett frekari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

...

25. gr. Nú hefur eintak af myndlistarverki verið afhent til eignar og er eiganda þá heimilt, nema annað sé áskilið, að láta eintakið af hendi og sýna það almenningi. Opinber kynning þess á listsýningum og með öðrum hliðstæðum hætti er þó óheimil án samþykkis höfundar, nema á opinberum listasöfnum sé sem almenningur hefur aðgang að. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um eintök sem gerð hafa verið eftir listaverki og gefin út.

Heimilt er eiganda myndlistarverks að taka eða leyfa töku mynda af því til sýningar í kvikmynd eða sjónvarpi, ef myndin er aðeins aukaatriði í efni kvikmyndar eða sjónvarpsdagskrár. Einnig skal heimilt án leyfis myndhöfundar hverju sinni að sýna í sjónvarpi áður birt verk hans þegar sjónvarpsstöð hefur gert samning um það efni við samtök myndlistarmanna sem annast hagsmunagæslu fyrir verulegan hluta íslenskra myndhöfunda og hefur hlotið til þess lögformlega viðurkenningu ráðuneytisins. Höfundar, sem standa utan samtakanna, skulu njóta sama réttar til endurgjalds fyrir afnot verka sinna og félagsmenn. Hver einstakur höfundur getur þó lagt skriflegt bann við sýningu verka sinna samkvæmt þessari málsgrein. Samtökunum skal heimilt að setja gjaldskrár um

23. gr. a. Verki, sem er löglega útvarpað beint eða um gervihnött, má endurvarpa til almennings um kapalkerfi óbreyttu og samtímis hinni upphaflegu útsendingu, enda sé fullnægt skilyrðum um sammingskvaðaleyfi samkvæmt 26. gr. a.

23. gr. b. Útvarpsstöðvum er heimilt, ef fullnægt er skilyrðum um sammingskvaðaleyfi samkvæmt 26. gr. a., að nota verk úr safni sínu til endurútsendingar og gera þau aðgengileg með þeim hætti, að hver og einn geti fengið aðgang að verkunum á þeim stað og á þeirri stundu, sem hann sjálfur kys, sem og til þess að gera eintök af verkunum, sem nauðsynleg eru í því skyni að senda þau út eða gera þau aðgengileg. Ákvæði þessarar greinar gildir einungis um verk, sem send hafa verið út fyrir 1. júlí 2015 og teljast til eigin framleiðslu viðkomandi útvarpsstöðvar.

Höfundur getur bannað útvarpsstöð að hagnýta verk sitt með þeim hætti sem heimilað er í 1. mgr.

...

25. gr. Nú hefur eintak af myndlistarverki verið afhent til eignar og er eiganda þá heimilt, nema annað sé áskilið, að láta eintakið af hendi og sýna það almenningi. Opinber kynning þess á listsýningum og með öðrum hliðstæðum hætti er þó óheimil án samþykkis höfundar, nema á opinberum listasöfnum sé sem almenningur hefur aðgang að. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um eintök sem gerð hafa verið eftir listaverki og gefin út.

Heimilt er eiganda myndlistarverks að taka eða leyfa töku mynda af því til sýningar í kvikmynd eða sjónvarpi, ef myndin er aðeins aukaatriði í efni kvikmyndar eða sjónvarpsdagskrár. [úrfelling].

sýningar verka á listsýningum eða með hliðstæðum hætti, sbr. 1. mgr. Þá skal samtökunum heimilt að setja gjaldskrár vegna annarrar birtingar myndverka. Slíkar gjaldskrár skulu háðar staðfestingu ráðuneytisins. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar.

Þegar listaverk heyrir til listasafni, er heimilt að birta myndir af því í safnmunaskrá.

Nú er listaverk boðið til sölu, og má þá birta myndir af því í tilkynningu um sölutilboð.

Nú hefur andlitsmynd verið máluð, mótuð eða gerð með öðrum hætti eftir pöntun, og er höfundur þá ekki heimilt að neyta einkaréttar síns samkvæmt 3. gr. án samþykkis þess, sem lét gera myndina, eða erfingja hans, ef hann er látinn.

Þegar listaverk heyrir til listasafni, er heimilt að birta myndir af því í safnmunaskrá.

Nú er listaverk boðið til sölu, og má þá birta myndir af því í tilkynningu um sölutilboð.

Nú hefur andlitsmynd verið máluð, mótuð eða gerð með öðrum hætti eftir pöntun, og er höfundur þá ekki heimilt að neyta einkaréttar síns samkvæmt 3. gr. án samþykkis þess, sem lét gera myndina, eða erfingja hans, ef hann er látinn.

...

26. gr. a. Nú hafa samtök réttthafa, sbr. 4. mgr., gert samning við notanda um þar tilgreinda hagnýtingu verka, á grundvelli heimilda í 12. gr. b., 3. mgr. 14. gr., 1. mgr. 18. gr., 4. mgr. 19. gr., 1. mgr. 23. gr., 1. mgr. 23. gr. a. og 1. mgr. 23. gr. b. og fær þá sá notandi rétt til þess að hagnýta önnur verk sömu tegundar, þó að samtökin komi ekki fram fyrir höfunda þeirra verka, á sama hátt og með sömu skilmálum og felast í samningnum við samtökin og hinum tilvitnuðu ákvæðum. Réttur notanda skv. ofangreindu nefnist samningskvaðaleyfi.

Samningskvaðaleyfi geta notendur einnig fengið sem samið hafa um slíkt við samtök réttthafa, sbr. 4. mgr., að því tilskyldu að:

1. samningurinn um slíkt samningskvaðaleyfi taki til afmarkaðs og vel skilgreinds sviðs.
2. samningskvaðaleyfi sé forsenda þess að nýting sé möguleg.
3. samningurinn sé skriflegur og í honum tekið fram að hann veiti samningskvaðaleyfi.

Ákvæði 2. mgr. gildir þó ekki um verk, ef höfundur þess hefur bannað samningsaðila slíka notkun.

Samtök réttthafa, sem stofna til samninga er veita samningskvaðaheimild, sem í 1. og 2. mgr. greinir, skulu hafa viðurkenningu ráðherra. Er viðurkenning háð því að samtök séu í forsvari fyrir verulegan hluta höfunda tiltekinna verka sem notuð eru hér á landi. Ráðherra getur ákveðið, að samtök, sem viðurkenningu hljóta á nánar tilteknum sviðum, skuli vera sameiginleg samtök tveggja eða fleiri félagssamtaka, sem uppfylla skilyrði 1. og 2. mgr. Ráðherra setur nánari reglur um málsmæðferð vegna viðurkenningar, þ.m.t. endurskoðun viðurkenningar, þeirra samtaka sem nefnd eru í 1. og 2. mgr. auk samtaka sem 2. mgr. 47. gr. laganna tekur til.

26. gr. b. Þóknun fyrir not er fara fram á grundvelli samnings um samningskvaðaleyfi samkvæmt 26. gr. a. skal ákvörðuð með sama hætti gagnvart öllum þeim höfundum sem samningskvaðaleyfið tekur til hvort sem þeir eru innan eða utan þeirra réttthafasamtaka sem eru aðilar að samningnum.

Peir höfundar, sem réthafasamtök koma ekki fram fyrir, geta gert kröfu til þess að fá einstaklingsbundna þóknun fyrir not á grundvelli samningskvaðaleyfisins, þó slíkur réttur komi hvorki fram í samningi samtakanna um samningskvaðaleyfi við notanda né í reglum samtakanna um þóknun. Ákveða má upphæð einstaklingsbundinnar þóknunar samkvæmt ákvæðum 57. gr. Kröfu um slíka þóknun verður einungis beint að samtökunum og skal vera skrifleg.

Réthafasamtök sem eru aðilar að samningi er veitir samningskvaðaleyfi samkvæmt 26. gr. a skulu birta upplýsingar á viðeigandi hátt um að slíkur samningur hafi verið gerður ásamt upplýsingum sem nauðsynlegar eru til þess að réthafar sem ekki eru í samtökunum geti gert kröfur um þóknun.

Kröfur um þóknun, sem samtök, er viðurkenningu hafa hlotið samkvæmt 4. mgr. 26. gr. a, kunna að gera á hendur notendum vegna hagnýtingar verka samkvæmt 23. gr. a., skulu allar gerðar á sama tíma og vera skriflegar.

Kröfur um þóknun fyrir hagnýtingu verka samkvæmt samningskvaðaleyfi fyrnast á fjórum árum frá því að hagnýtingin átti sér stað. Skrifleg krafa, sbr. 2. og 4. mgr., rýfur fyrningarfrestinn.

26. gr. c. Nú nást ekki samningar sem samningskvaðaleyfi skv. 1. mgr. 26. gr. a. verður byggt á og getur þá aðili að samningsumleitunum farið fram á sáttameðferð.

Krafa um sáttameðferð skal send ráðherra. Slíka kröfu má bera fram, þegar einn af aðilunum hefur slitið samningsumleitunum eða hafnað ósk um samningsumleitun eða þegar ekki verður séð, að samningsumleitunir muni leiða til lausnar.

Sérstakur sáttasemjari, tilnefndur af ráðherra skal annast sáttameðferð. Hann skal vera óháður samningsaðilum og ekki hafa persónulegan ávinning af niðurstöðunni. Við sáttumleitunir skal stuðst við þær tillögur til lausnar, sem aðilarnir kunna að hafa lagt fram. Sáttasemjari getur lagt til við aðilana, að gert verði út um deilumál með gerðardómi og getur aðstoðað þá við val á gerðarmönnum.

Sáttasemjari getur borið fram tillögu um lausn deilumáls og getur krafist þess, að tillagan verði innan nánar tiltekins frests borin undir ákvörðunarberar stofnanir samningsaðila til samþykktar eða synjunar. Ef deilan varðar endurvarp um kapalkerfi skv. 23. gr. a. verður litið svo á að tillagan sé samþykkt ef enginn mótmælir henni innan þriggja mánaða. Sáttasemjari tilkynnir ráðherra um niðurstöðu sáttameðferðar.

Sáttasemjari getur ákveðið, að eldri samningar skuli gilda áfram, þó að samningstímabili sé lokið eða því muni ljúka meðan á sáttameðferð stendur. Ekki er þó heimilt að framlengja gildistíma eldra samnings lengur en í tvær vikur eftir að aðilarnir hafa tekið afstöðu til sáttatillögu samkvæmt 4. mgr. eða tillögu um gerð eða eftir að sáttasemjari hefur tilkynnt, að þýðingarlaust sé að bera fram þess háttar tillögur.

...

...

V. kafli. Ýmis réttindi, skyld höfundarétti.

1)Rg. 151/1956 (úthlutun á tekjum fyrir upptökuréttindi (STEF)). Samþ. 229/1973 (Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH)).

45. gr. Listflytjandi hefur einkarétt til eintakagerðar af listflutningi sínum og hvers konar dreifingar hans til almennings, sbr. þó ákvæði 47. gr. Samkvæmt þessu eru óheimilar án hans samþykkis m.a. þær aðgerðir sem hér eru taldar:

1. Uptaka til endurflutnings á beinum listflutningi hans. Það telst beinn listflutningur sem listflytjandi flytur persónulega, þar á meðal flutningur í útvarp. Nú hefur útvarpsstofnun framkvæmt bráðabirgðaupptöku á persónulegum listflutningi og fer þá um útvarp eftir slíkri upptöku sem um beinan listflutning.

2. Útvarp á beinum listflutningi.

3. Dreifing beins listflutnings með tækniaðferðum, um þráð eða þráðlaust, frá flutningsstað til annarra tiltekinnna staða sem almenningur á aðgang að.

4. Eftirgerð á upptöku listflutnings og dreifing til almennings uns 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir að flutningur fór fram. Sé upptöku listflutnings dreift til almennings innan greinds verndartímabils skal vernd þó haldast í 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu dreifingu hennar.

Nú hefur listflytjandi veitt með samningi framlag til kvikmyndaverks og getur hann þá ekki, nema áskilnaður sé gerður á annan veg, hindrað leigu á eintökum kvikmyndaverksins.

Um upptöku, eftirgerð og dreifingu listflutnings, sem um getur í 1. mgr., skulu eftir því sem við á gilda ákvæði 2.–6. mgr. 2. gr., 4. gr., 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr., 12. gr., 12. gr. a, 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 21. gr., 2. mgr. 23. gr., 24. gr., 26.–31. gr., 3. mgr. 41. gr. og 53. gr.

Standi fleiri en 12 listflytjendur að listflutningi nægir samþykki stéttarfélags flytjenda til eftirgerðar og endurnota, enda komi greiðsla fyrir flutninginn.

Sama rétt og listflytjandi samkvæmt þessari grein hefur flytjandi þjóðmenningarlegs efnis.

45. gr. a. Listflutningi, sem er löglega útvarpað beint eða um gervihnött, má endurvarpa til almennings um kapalckerfi óbreyttum og samtímis hinni upphaflegu útsendingu að því tilskildu að sá sem ber ábyrgð á endurvarpinu hafi aflað sér heimildar til þess með samningum við samtök sem annast réttargæslu fyrir verulegan hluta íslenskra listflytjenda og framleiðenda og hlotið til þess lögformlega viðurkenningu ráðuneytisins, sbr. þó ákvæði 47. gr., varðandi flutning efnis á markaðshljóðritum. Réttahafar, er standa utan samtakanna, skulu njóta sama réttar og félagsmenn, sbr. 1. og 3. mgr. 23. gr. Endurvarp um kapalckerfi, sem tekur til færri samtengdra íbúða en 25 í fjöleignarhúsi eða nærlægum húsum, er þó heimilt án leyfis eða endurgjalds til réttahafa samkvæmt grein þessari.

V. kafli. Ýmis réttindi, skyld höfundarétti.

1)Rg. 151/1956 (úthlutun á tekjum fyrir upptökuréttindi (STEF)). Samþ. 229/1973 (Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH)).

45. gr. Listflytjandi hefur einkarétt til eintakagerðar af listflutningi sínum og hvers konar dreifingar hans til almennings, sbr. þó ákvæði 47. gr. Samkvæmt þessu eru óheimilar án hans samþykkis m.a. þær aðgerðir sem hér eru taldar:

1. Uptaka til endurflutnings á beinum listflutningi hans. Það telst beinn listflutningur sem listflytjandi flytur persónulega, þar á meðal flutningur í útvarp. Nú hefur útvarpsstofnun framkvæmt bráðabirgðaupptöku á persónulegum listflutningi og fer þá um útvarp eftir slíkri upptöku sem um beinan listflutning.

2. Útvarp á beinum listflutningi.

3. Dreifing beins listflutnings með tækniaðferðum, um þráð eða þráðlaust, frá flutningsstað til annarra tiltekinnna staða sem almenningur á aðgang að.

4. Eftirgerð á upptöku listflutnings og dreifing til almennings uns 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir að flutningur fór fram. Sé upptöku listflutnings dreift til almennings innan greinds verndartímabils skal vernd þó haldast í 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu dreifingu hennar.

Nú hefur listflytjandi veitt með samningi framlag til kvikmyndaverks og getur hann þá ekki, nema áskilnaður sé gerður á annan veg, hindrað leigu á eintökum kvikmyndaverksins.

*Um upptöku, eftirgerð og dreifingu listflutnings, sem um getur í 1. mgr., skulu eftir því sem við á gilda ákvæði 2. – 5. mgr. 2. gr., 4. gr., 7. gr., 8. gr., 10. gr. a, 1. mgr. og 3. tölul. 2. mgr. 11. gr., 12. gr., 12. gr. a., 12. gr. b., 1. og 3. mgr. 14. gr., 3. og 4. mgr. 15. gr., 17. gr., 18. gr., 1., 2. og 4. mgr. 19. gr., 21. gr., 22. gr., 22. gr. a, 23. gr., 23. gr. a., 23. gr. b., 24. gr., 26.–31. gr., 3. mgr. 41. gr., 53. gr. og 57. gr.*

Standi fleiri en 12 listflytjendur að listflutningi nægir samþykki stéttarfélags flytjenda til eftirgerðar og endurnota, enda komi greiðsla fyrir flutninginn.

Sama rétt og listflytjandi samkvæmt þessari grein hefur flytjandi þjóðmenningarlegs efnis.

[úrfelling]

Náist ekki samkomulag um leyfisveitingu skv. 1. mgr. eða um skilyrði fyrir henni, þar á meðal um fjárhæð þóknunar, getur hvor aðili um sig skotið því ágreiningsefni til sáttameðferðar hjá úrskurðarnefnd skv. 57. gr. Ráðuneytið getur sett frekari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

46. gr. Óheimil er eftirgerð og hvers kyns dreifing til almennings á myndritum og hljóðritum, þar á meðal hljómplötum, án samþykkis framleiðanda uns liðin eru 50 ár frá næstu áramótum eftir að frumupptaka var framkvæmd. Sé upptöku dreift til almennings innan greinds verndartímabils skal vernd þó haldast í 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu dreifingu.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 2.–6. mgr. 2. gr., 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr., 12. gr., 12. gr. a, 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 2. mgr. 23. gr. og 24. gr.

47. gr. Nú er hljóðrit, sem út hefur verið gefið, notað á því tímabili sem í 46. gr. getur til flutnings í útvarpi eða til annarrar opinberrar dreifingar listflutnings, hvort heldur með beinni notkun eða eftir útvarpi, og ber þá notanda að greiða framleiðanda þess og listflytjanda sameiginlega þóknun fyrir afnotin. Heimild til notkunar útgefins hljóðrits til flutnings í útvarpi eða annarrar opinberrar dreifingar listflutnings gildir ekki um þá miðlun hljóðrita sem í því felst að hljóðrit er gert aðgengilegt með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kys.

Krafa til endurgjalds skv. 1. mgr. verður aðeins gerð af innheimtusamtökum framleiðenda og listflytjendafélaga. Samtökunum skulu settar samþykktir í samvinnu við ráðuneytið og vera háðar staðfestingu þess. Í samþykktum þessum skal m.a. kveða á um skiptingu tekna með aðildarfélögum samtakanna.

Þegar framleiðandi hljóðrits eða listflytjandi á rétt til þóknunar samkvæmt þessari grein skal hún fara eftir heildarsamningi milli innheimtusamtaka skv. 2. mgr. og notanda eða samtökum hans. Ágreiningi um þóknun geta aðilar skotið til úrskurðarnefndar skv. 57. gr. Nefndin getur gert notanda að setja viðhlítandi tryggingu fyrir greiðslu þóknunar þar til hún hefur verið ákveðin en ella mælt fyrir um stöðvun á notkun verndaðra markaðshljóðrita uns trygging hefur verið sett. Innheimtusamtökunum skal þó heimilt að setja gjaldskrár um flutning af hljóðritum utan útvarps. Slíkar gjaldskrár skulu háðar samþykki ráðuneytisins.

Beita skal, eftir því sem við á, 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 21. gr. og 54. gr. Sama gildir um 27.–31. gr. að því er listflytjendur varðar. Ákvæði þessi gilda ekki um kvikmyndir og myndbönd.

46. gr. Óheimil er eftirgerð og hvers kyns dreifing til almennings á myndritum og hljóðritum, þar á meðal hljómplötum, án samþykkis framleiðanda uns liðin eru 50 ár frá næstu áramótum eftir að frumupptaka var framkvæmd. Sé upptöku dreift til almennings innan greinds verndartímabils skal vernd þó haldast í 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu dreifingu.

*Eftir því sem við á, skal beita ákvæðum 2. – 5. mgr. 2. gr., 7. gr., 8. gr., 10. gr. a, 1. mgr. og 3. tölul. 2. mgr. 11. gr., 12. gr., 12. gr. a, 12. gr. b, 1. og 3. mgr. 14. gr., 3. og 4. mgr. 15. gr., 17. gr., 18. gr., 1., 2. og 4. mgr. 19. gr., 21. gr., 22. gr., 22. gr. a., , 23. gr. b., 24. gr., 3. mgr. 26. gr., 26. gr. a, b, og c. og 57. gr.*

47. gr. Nú er hljóðrit, sem út hefur verið gefið, notað á því tímabili sem í 46. gr. getur til flutnings í útvarpi eða til annarrar opinberrar dreifingar listflutnings, hvort heldur með beinni notkun eða eftir útvarpi, og ber þá notanda að greiða framleiðanda þess og listflytjanda sameiginlega þóknun fyrir afnotin. Heimild til notkunar útgefins hljóðrits til flutnings í útvarpi eða annarrar opinberrar dreifingar listflutnings gildir ekki um þá miðlun hljóðrita sem í því felst að hljóðrit er gert aðgengilegt með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kys.

Krafa til endurgjalds skv. 1. mgr. verður aðeins gerð af samtökum framleiðenda og listflytjenda. Samtökunum skulu settar samþykktir í samvinnu við ráðuneytið og vera háðar staðfestingu þess. Í samþykktum þessum skal m.a. kveða á um skiptingu tekna með aðildarfélögum samtakanna.

*Þegar framleiðandi hljóðrits eða listflytjandi á rétt til þóknunar samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. skal hún fara eftir heildarsamningi milli samtaka skv. 2. mgr. og notanda eða samtökum hans. Þeim samtökum skal heimilt að setja gjaldskrár um flutning af hljóðritum utan útvarps, enda feli slíkur flutningur ekki í sér miðlun efnis í skilningi 1. tölul. 4. mgr. 2. gr laganna. Ágreiningi um þóknun geta aðilar skotið til úrskurðarnefndar skv. 57. gr. Nefndin getur gert notanda að setja viðhlítandi tryggingu fyrir greiðslu þóknunar þar til hún hefur verið ákveðin, en ella mælt fyrir um stöðvun á notkun verndaðra hljóðrita uns trygging hefur verið sett.*

*Ákvæði þessi gilda ekki um myndrit.*

48. gr. Óheimilar eru eftirgreindar aðgerðir án samþykkis útvarpsstofnunar:

1. Endurvarp (samtímisútvarp) á útvarpi hennar og dreifing þess um þráð.

2. Upptaka endurflutnings á útvarpi hennar.

3. Birting á sjónvarpi hennar í atvinnuskyni eða ávinnings.

4. Eftirgerð á áður framkvæmdri upptöku útvarps hennar, sem og það að birta slíka upptöku.

Réttur útvarpsstöðva skv. 1. mgr. gildir uns liðin eru 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu útsendingu.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 1. mgr. 11. gr., 12. gr., 12. gr. a, 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 21. gr. og 2. mgr. 23. gr.

Nú sendir útvarpsstöð er nýtur verndar samkvæmt lögum þessum út viðburð, sem vekur mikinn áhuga á meðal almennings, á grundvelli sannings um einkarétt til útsendingar og er þá, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., annarri útvarpsstöð sem hefur staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu heimilt að senda út stutt myndskleið að eigin vali frá viðkomandi viðburði. Heimild þessi nær þó eingöngu til útsendingar slíkra myndskleiða í almennum fréttapáttum. Sé myndskleið sýnt með heimild í þessari málsgrein skal nafn eða annað auðkenni þeirrar útvarpsstöðvar sem einkaréttinn á birt ef unnt er.

Skilmálar útvarpsstöðvar sem er aðili einkaréttarsamnings fyrir nýtingu skv. 4. mgr. skulu vera réttlátir, sanngjarnir og án mismununar og kynntir með góðum fyrirvara.

VI. kafli. Ýmis ákvæði.

...

53. gr. a. Ráðherra setur nánari reglur um málsmeðferð vegna viðurkenningar þeirra samtaka sem nefnd eru í 6. mgr. 11. gr., 1. mgr. 15. gr. a, 1. mgr. 23. gr., 1. mgr. 23. gr. a, 2. mgr. 25. gr., 5. mgr. 25. gr. b, 1. mgr. 45. gr. a og 2. mgr. 47. gr.

VII. kafli. Refsiákvæði, bætur, ákærureglur o.fl.

...

57. gr. Takist ekki samningur um fjárhæð þóknunar skv. 14. gr., 15. gr. a, 16., 17., 20. og 21. gr., 23. gr. a, 25. gr., 45. gr. a og 47. gr. getur hvor aðili um sig lagt ágreiningsefnið undir úrskurð þriggja manna nefndar sem ráðherra skipar úr hópi fimm manna sem höfundaréttarnefnd skv. 58. gr. tilnefnir. Áður en til úrskurðar kemur skal nefndin leita sátta með aðilum. Úrskurður nefndarinnar er stjórnarfarsleg fullnaðarúrlausn um ágreiningsefnið. Laun nefndarmanna skulu greidd úr ríkissjóði. Nánari ákvæði um störf nefndarinnar skulu sett í reglugerð.3)

3)Rg. 97/1996.

...

48. gr. Óheimilar eru eftirgreindar aðgerðir án samþykkis útvarpsstofnunar:

1. Endurvarp (samtímisútvarp) á útvarpi hennar og dreifing þess um þráð.

2. Upptaka endurflutnings á útvarpi hennar.

3. Birting á sjónvarpi hennar í atvinnuskyni eða ávinnings.

4. Eftirgerð á áður framkvæmdri upptöku útvarps hennar, sem og það að birta slíka upptöku.

Réttur útvarpsstöðva skv. 1. mgr. gildir uns liðin eru 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu útsendingu.

*Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 2.-4. mgr. 2. gr., 7. gr., 10. gr. a, 1. mgr. og 3. tölul. 2. mgr. 11. gr., 12. gr., 12. gr. a, 12. gr. b, 1. og 3. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 1., 2. og 4. mgr. 19. gr., 21. gr. 22. gr., 22. gr. a, 24. gr. og 3. mgr. 26. gr.*

Nú sendir útvarpsstöð er nýtur verndar samkvæmt lögum þessum út viðburð, sem vekur mikinn áhuga á meðal almennings, á grundvelli sannings um einkarétt til útsendingar og er þá, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., annarri útvarpsstöð sem hefur staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu heimilt að senda út stutt myndskleið að eigin vali frá viðkomandi viðburði. Heimild þessi nær þó eingöngu til útsendingar slíkra myndskleiða í almennum fréttapáttum. Sé myndskleið sýnt með heimild í þessari málsgrein skal nafn eða annað auðkenni þeirrar útvarpsstöðvar sem einkaréttinn á birt ef unnt er.

Skilmálar útvarpsstöðvar sem er aðili einkaréttarsamnings fyrir nýtingu skv. 4. mgr. skulu vera réttlátir, sanngjarnir og án mismununar og kynntir með góðum fyrirvara.

VI. kafli. Ýmis ákvæði.

...

[úrfelling]

VII. kafli. Refsiákvæði, bætur, ákærureglur o.fl.

...

57. gr. *Takist ekki samningur um fjárhæð þóknunar skv. 12. gr. b, 3. mgr. 14. gr., 16., 17., 18. gr., 4. mgr. 19. gr., 20., 21. gr., 1. mgr. 23. gr., 23. gr. a. og b., 26. gr. b. og 47. gr., eða önnur ágreiningsefni vegna samningskvaðaheimilda, getur hvor aðili um sig lagt ágreiningsefnið undir úrskurð þriggja manna nefndar sem ráðherra skipar úr hópi fimm manna sem höfundaréttarnefnd skv. 58. gr. tilnefnir.*

*Úrskurður nefndarinnar er stjórnarfarsleg fullnaðarúrlausn um ágreiningsefnið. Ráðherra er heimilt að setja reglur um starfshætti nefndarinnar sem og greiðslu málskostnaðar.*

...

59. gr. a. Þau samtök, sem hlotið hafa löggildingu ráðuneytisins skv. 23. gr. og 23. gr. a, geta fengið lagt lögbann við byrjuðum eða yfirvofandi flutningi eða öðrum notum allra þeirra verka, sem löggildingin nær til og verndar njóta samkvæmt lögum þessum, án þess að hafa fengið umboð til þess frá höfundum eða öðrum rétt höfum verkanna, enda sé fullnægt öðrum skilyrðum lögbanns samkvæmt lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

Að því tilskildu að fullnægt sé öðrum þeim skilyrðum lögbanns, sem greind eru í lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl., geta einstakir réttahafar eða samtök þeirra fengið lagt lögbann við því að þjónustuveitandi miðli gögnum sem þjónustuþegi lætur í té um fjarskiptanet, óháð því hvort þjónustuveitandi beri ábyrgð vegna miðlunar eða sjálfvirkrar, millistigs- eða skammtímageymslu gagna. Enn fremur verður lögbann lagt við því að þjónustuveitandi hýsi gögn sem látin eru í té af þjónustuþega, óháð því hvort þjónustuveitandi beri ábyrgð á gögnunum.

Um lögbann samkvæmt þessari grein fer að öðru leyti eftir lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

59. gr. a. *Þau samtök, sem hlotið hafa viðurkenningu ráðuneytisins skv. 4. mgr. 26. gr. a. vegna ákvæða 23. gr. og 23. gr. a., geta fengið lagt lögbann við byrjuðum eða yfirvofandi flutningi eða öðrum notum allra þeirra verka, sem viðurkenningin nær til og verndar njóta samkvæmt lögum þessum, án þess að hafa fengið umboð til þess frá höfundum eða öðrum rétt höfum verkanna, enda sé fullnægt öðrum skilyrðum lögbanns samkvæmt lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl.*

Að því tilskildu að fullnægt sé öðrum þeim skilyrðum lögbanns, sem greind eru í lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl., geta einstakir réttahafar eða samtök þeirra fengið lagt lögbann við því að þjónustuveitandi miðli gögnum sem þjónustuþegi lætur í té um fjarskiptanet, óháð því hvort þjónustuveitandi beri ábyrgð vegna miðlunar eða sjálfvirkrar, millistigs- eða skammtímageymslu gagna. Enn fremur verður lögbann lagt við því að þjónustuveitandi hýsi gögn sem látin eru í té af þjónustuþega, óháð því hvort þjónustuveitandi beri ábyrgð á gögnunum. *Þegar sett er fram krafa um lögbann samkvæmt þessari heimild skal þjónustuþega tryggð sambærileg réttarstaða og gerðarþola til hagsmunagæslu við fyrirtöku lögbannsgerðar eftir því sem við verður komið, auk tilkynningar um lögbannsgerð að henni lokinni, skv. 14. og 18. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl. nr. 31/1990.*

Um lögbann samkvæmt þessari grein fer að öðru leyti eftir lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl..